# Stefnumótun
# um kvikmyndamenntun
# á Íslandi

**Áfangaskýrsla stýrihóps.**
**Ágúst 2012**

## Efnisyfirlit

Inngangur ........ 3

I Stýrihópur og viðmælendur ........ 5

Stýrihópur ........ 5

Erlendir sérfræðingar ........ 5

Hagsmunaaðilar og menntastofnanir ........ 5

II Kvikmyndanám á Íslandi – Núverandi staða ........ 6

Borgarholtsskóli ........ 6

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (FNV) ........ 7

Fjölbrautaskólinn við Ármúla ........ 7

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði ........ 8

Kvikmyndaskóli Íslands (KVÍ) ........ 8

Listaháskóli Íslands (LHÍ) ........ 9

Reykjavík Film Academy ........ 9

Tækniskólinn ........ 10

III Kvikmyndanám erlendis ........ 11

IV Kvikmyndamenntun á Íslandi – Mat stýrihóps á núverandi stöðu ........ 12

V Kvikmyndamenntun á Íslandi – Tillaga stýrihóps ........ 13

Grunnskólastig ........ 13

Framhaldsskólastig – Almennt kvikmyndanám ........ 13

Framhaldsskólastig – Sérhæfing í stoðgreinum ........ 14

Grunnám á háskólastigi í kvikmyndagerð ........ 14

VI Heimildir sem nýttust við gerð skýrslunnar: ........ 16

**Viðaukar**

Viðauki 1 – Skýrsla Vladans Nikolic.

Viðauki 2 – Minnispunktar frá Henning Camre.

Viðauki 3 – Borgarholtsskóli – Námskrá.

Viðauki 4 – Borgarholtsskóli – Tillögur náms – flæðirit.

Viðauki 5 – Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra – Tillögur að listnámsbraut í kvikmyndafræðum.

Viðauki 6 – Fjölbrautaskólinn við Ármúla – Tillögur að nýsköpunarbraut.

Viðauki 7 – Flensborgarskóli – Námskrá.

Viðauki 8 – Kvikmyndaskóli Íslands – Námskrá 2012-2013.

Viðauki 9 – Kvikmyndaskóli Íslands – Samanburður unnin af KVÍ.

Viðauki 10 – Listaháskóli Íslands – Minnisblað vegna háskólanáms í kvikmyndagerð.

Viðauki 11 – Listaháskóli Íslands – Alþjóðlegt samstarf.

Viðauki 12 – Reykjavík Film Academy – Study Film in Iceland.

Viðauki 13 – Tækniskólinn – Tillögur að sérnámi í kvikmyndagerð.

Viðauki 14 – Starfsheiti FIAF (International Federation of Film Archives).

# Inngangur

Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að móta stefnu um nám á sviði kvikmyndagerðar í samstarfi við skóla og hagsmunaaðila og telja mikilvægt að samhæfa ólík sjónarmið varðandi uppbyggingu náms og tengja það þörfum atvinnulífs og uppbyggingu kvikmyndagerðar á Íslandi.

Með þetta að leiðarljósi ákvað mennta- og menningamálaráðuneytið að skipa stýrihóp um kvikmyndamenntun á Íslandi, þar sem markmiðið var mótun heildstæðrar stefnu um kvikmyndanám á Íslandi.  Kvikmyndanám er í eðli sínu dýrt og því mikilvægt að rétt verði staðið að frekari uppbygginu námsins og tekið verði tillit til smæðar samfélagsins. Einnig er mikilvægt að fjárhagslegri hagkvæmni verði fylgt og verkaskipting á milli skólastiga og jafnvel skóla verði augljós og rökrétt. Að sama skapi er mikilvægt að námið verði þróað í samræmi við alþjóðlegar hæfnikröfur og starfslýsingar, enda eru kvikmyndir og önnur sjónmenning  alþjóðlegar starfsgreinar. Við vinnu stýrihópsins hefur sjónarhornið beinst að umhverfi og hag nemenda auk greinarinnar í heild.

Stýrihópurinn telur að leiðin að þessum markmiðum sé formgert kvikmyndanám á framhaldsskóla- og bakkalárstigi. Kvikmyndagerðarnám á háskólastigi ætti að þróa samhliða markvissri kennslu á framhaldsskólastigi þar sem grunnþáttum kvikmyndagerðar svo sem myndlæsi, mynduppbyggingu, innihaldi og myndmáli er gert hátt undir höfði. Slíkt nám veitir nemendum góðan grunn til að byggja á, hvort sem þeir halda í frekara kvikmyndanám eða nýta þekkinguna til betri skilnings á myndmáli og greiningu þess. Áhersla á grunnþætti dregur auk þess úr mikilvægi dýrrar aðstöðu og tækjabúnaðar í framhaldsskólum. Stýrihópurinn leggur jafnframt til að sérhæfð tæknimenntun fyrir ýmis aðstoðarstörf í kvikmyndagreininni fari fram á framhaldsskólastigi en að um einn kjarnaskóla eða skýra verkaskiptingu á milli skóla verði að ræða.

Með þróun háskólastigs og markviss náms á framhaldsskólastigi ætti að vera kominn vísir að heildstæðu kvikmyndanámi sem uppfyllir alþjóðlegar hæfnikröfur.

Myndmiðlun er orðin snar þáttur í daglegu lífi okkar og með tilkomu netsins höfum við breyst frá því að vera eingöngu neytendur yfir í að vera notendur líka, gagnkvæm miðlun er að verða ráðandi. Samskiptamiðlarnir eru fjölbreyttir og framleiðslutækin orðin ódýrari en áður var, auðveld í notkun og öflug. Sýndarheimarnir hafa fengið sitt eigið tungumál, aðallega anglósaxneskt,  en rafræn þýðingatækni vex örum skrefum. Forsenda alls þessa er myndmálið sem er fyrir hendi og hefur þróast á listrænum forsendum; mynduppbygging, sjónarhorn, klipping/samsetning, hljóð o.s.frv.  Kennsla í myndlæsi er því mikilvæg þegar á grunnskólastigi.

Allt frá því að RÚV hóf sjónvarpsútsendingar árið 1966 hefur kvikmyndagreinin vaxið og eflst. Stofnun Kvikmyndasjóðs Íslands árið 1979 skipti þar sköpum. Frá sýningu Morðsögu Reynis Oddssonar árið 1977, sem segja má að marki upphaf "kvikmyndavorsins", hafa nærri 150 leiknar myndir verið framleiddar hér á landi auk fjölmargra heimilda- og stuttmynda af ýmsum toga og nú á allra síðustu árum hefur framleiðsla á leiknu sjónvarpsefni margfaldast.

Um miðjan níunda áratug síðustu aldar var kominn allstór hópur fólks sem hafði kvikmyndagerð að aðalstarfi, að hluta til fagfólk með menntun erlendis frá en þó að mestu fólk sem hafði aflað sér

reynslu við gerð kvikmynda, sjónvarpsefnis og auglýsinga. Með menntun kvikmyndagerðarmanna við erlenda skóla byggðust upp alþjóðleg tengsl, erlendir fagmenn komu að gerð íslenskra mynda auk þess sem erlendir sjóðir styrktu kvikmyndagerð hér á landi. Þetta er góður grunnur til að treysta enn frekar innviði, listræn gæði og reynslu svo að íslensk kvikmyndagerð standist alþjóðlegan samanburð.

Íslensk kvikmyndagerð og samfélag hefur ekki farið varhluta af þeirri öru þróun sem myndmiðillinn hefur gengið í gegnum. Hér hafa sprottið upp fyrirtæki sem sérhæfa sig í framleiðslu og eftirvinnslu kvikmynda, sjónvarpsstöðvar, tölvuleikjafyrirtæki og auglýsingastofur ásamt því að stöðugt fleiri stórmyndir frá Hollywood eru teknar upp á Íslandi og eru þjónustaðar af innlendum kvikmyndaframleiðslufyrirtækjum. Auk þess er íslenskur almenningur almennt tæknilega sinnaður og neytir fjölbreytts myndefnis í gegnum margvíslega miðla: kvikmyndahús, sjónvarp, internet, síma og tölvur. Myndmálið hefur um nokkurt skeið verið ráðandi í samfélaginu, hvort sem er í miðlun upplýsinga, fréttum, auglýsingum, afþreyingu, leiknum kvikmyndum eða heimildamyndum. Því er nauðsynlegt að efla almenna þekkingu á grunnþáttum þess, „málfræðinni" til að njóta, neyta og greina betur.

Þörf hefur myndast fyrir þróun kvikmyndanáms á framhaldsskólastigi sem miðlar slíkri grunnþekkingu á myndmáli, en jafnframt er komið að því að byggja þarf upp formlegt og alþjóðlega viðurkennt kvikmyndanám á háskólastigi.

Í fyrsta kaflanum í þessari áfangaskýrslu er gerð grein fyrir stýrihópnum, erlendum sérfræðingum, verklagi og viðmælendum. Í öðrum kafla er stutt lýsing á skólum sem bjóða upp á eða hyggjast bjóða upp á verklegt kvikmyndanám. Í kafla þrjú er fjallað um hvernig kvikmyndanámi er almennt háttað erlendis. Í fjórða kafla er mat stýrihóps á núverandi stöðu kvikmyndamenntunnar á Íslandi og í fimmta kafla eru tillögur stýrihóps um kvikmyndamenntun á Íslandi.

# I Stýrihópur og viðmælendur

## Stýrihópur

Í febrúar 2012 leitaði mennta- og menningarmálaráðuneytið til eftirtaldra um að taka að sér störf í stýrihópi fyrir verkefnið „Stefnumótun um kvikmyndanám“: Hrafnhildar Gunnarsdóttur, formanns Félags kvikmyndagerðarmanna, Þórunnar Jónu Hauksdóttur, sérfræðings hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Laufeyjar Guðjónsdóttur, forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, sem jafnframt var skipuð formaður. Starfsmaður stýrihópsins var Þór Tjörvi Þórsson, verkefnastjóri hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands.

## Erlendir sérfræðingar

Stýrihópnum til fulltingis voru tveir erlendir sérfræðingar með víðtæka reynslu af kvikmyndakennslu, kvikmyndagerð og uppbyggingu kvikmyndanáms. Þeir voru Henning Camre, forstöðumaður *Think Tank on European Film and Film Policy* og fyrrverandi skólastjóri *Den Danske Filmskole og National Film and Television School* í Englandi og Vladan Nikolic, prófessor við kvikmyndadeild *The New School (Parsons)* í New York og kennari við kvikmyndadeild *New York University*. Æskilegt þótti að fá tvo sérfræðinga með mismunandi bakgrunn til að fá fram ólík sjónarmið um fyrirkomulag kvikmyndamenntunar og læra af reynslu fólks í Evrópu og Bandaríkjunum um þróun menntunar á þessu sviði. Camre og Nikolic heimsóttu Ísland á mismunandi tíma og lögðu hvor um sig sjálfstætt mat á kvikmyndanám á Íslandi.

Vladan Nikolic var á Íslandi 12.–16. mars en Henning Camre 20.–24. mars 2012. Leitast var við að þeir hittu alla hagsmunaaðila, meðal annars með vettvangsferðum í menntastofnanir og fundum með kennurum og fagfélögum kvikmyndagerðarmanna.  Einnig áttu þeir hvor um sig fundi með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Í lok apríl 2012 skiluðu sérfræðingarnir af sér tveimur aðskildum skýrslum og eru niðurstöður þeirra í stórum dráttum áþekkar. Skýrslurnar má sjá í viðauka 1. og 2.

## Hagsmunaaðilar og menntastofnanir

Við vinnu stýrihópsins og erlendu sérfræðinganna var leitast við að kortleggja þarfir kvikmyndagreinarinnar og greina það nám sem nú er í boði. Í framhaldi voru tekin viðtöl við neðangreinda aðila.  Stýrihópurinn hitti sömu aðila/fulltrúa þeirra aftur á fundum 15., 16. og 20. ágúst þar sem meginniðurstöður stýrihópsins, sem hér eru lagðar fram, voru kynntar.

Félag kvikmyndagerðarmanna: Anna Þóra Steinþórsdóttir, Stefanía Thors, Guðmundur Erlingsson og Ósk Gunnlaugsdóttir.
Félag leikritaskálda og handritshöfunda: Sigurjón B. Sigurðsson (Sjón).
Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda: Hilmar Sigurðsson, Hrönn Kristinsdóttir, Anna María Karlsdóttir, Ingvar Þórisson.
Samtök kvikmyndaleikstjóra: Ragnar Bragason, Friðrik Þór Friðriksson og Silja Hauksdóttir.
Borgarholtsskóli: Ari Halldórsson, Hákon Már Oddsson og Hlynur Helgason.

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði: Halldór Árni Sveinsson og Xavier Rodriguez.
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra: Árni Gunnarsson og Þorkell V. Þorsteinsson.
Fjölbrautaskólinn við Ármúla: Þór Elís Pálsson og Helmut Hinrichsen.
Tækniskólinn: Jón B. Sigurðsson, Baldur Gíslason og Þórir Jóhannsson (Stúdíó Sýrland).
Kvikmyndaskóli Íslands: Hilmar Oddsson, Böðvar Bjarki Pétursson og Sigrún Gylfadóttir.
Listaháskóli Íslands: Hjálmar Ragnarsson og Jóna Finnsdóttir.
Reykjavik Film Academy: Steven Meyers, Þorgeir Guðmundsson og Henry Bateman.
Keilir: Hjálmar Árnason og Arnbjörn Ólafsson.
(Á fund í ágúst var ekki talin þörf á að boða fulltrúa Keilis og Reykjavik Film Academy og fulltrúi Félags leikskálda og handritshöfunda komst ekki).

Stýrihópurinn þakkar öllum viðmælendum hreinskiptin skoðanaskipti, athugasemdir og ábendingar sem komu að góðu gagni við gerð skýrslunnar.

## II Kvikmyndanám á Íslandi – Núverandi staða

Þótt samhæfð stefna um kvikmyndanám hafi ekki verið mörkuð hafa nokkrir skólar skipulagt nám tengt kvikmyndagerð og aðstöðu í kringum það. Hér er stutt lýsing byggð á upplýsingum frá skólum sem bjóða upp á eða hyggjast bjóða upp á kvikmyndanám. Yfirlitið einskorðast við skóla sem hafa í boði eða stefna á að bjóða uppá verklegt nám:

### Borgarholtsskóli

Kvikmyndagerðarnám innan listnámsbrautar í margmiðlunarhönnun með kjörsvið í fjölmiðlatækni er að lágmarki 26 einingar. Í kjarna er grunnkennsla í kvikmyndagerð og kvikmyndasögu en á kjörsviði sérhæfa nemendur sig í heimildamyndagerð, frásagnarkvikmyndun og fjölkameruvinnslu auk áfanga í hljóðsetningu. Síðasta önnin er helguð lokaverkefni, allt að 15 mínútna stuttmynd. Auk þess taka flestir nemendur valáfanga sem nefnist „Kvikmyndun á vettvangi“ (þrjár einingar) og einn eða fleiri áfanga sem ber heitið „Kvikmyndaklúbbur“ (tvær einingar á hverri önn) þar sem sýnt er úrval mynda úr kvikmyndasögunni. Nemendum býðst jafnframt að taka valáfanga í tengdum greinum eða allt að níu einingar í kvikun. Aðrir fagáfangar styrkja nemendur einnig, s.s. lista- og menningarsaga, teikning, lita- og formfræði, ljósmyndun, vefhönnun auk eins skylduáfanga í leiklist. Námskrána má finna í viðauka 3.

Skólinn hefur átt samvinnu við ýmsar stofnanir, félög og fyrirtæki um upptökur og útsendingar (s.s. RIFF - Reykjavík International Film Festival, RÚV, Þjóðleikhúsið og Skautafélagið Björninn). Nemendur fá kennslu og þjálfun í notkun tækja og forrita sem reynt er að hafa sem mest í samræmi við það sem fagmenn nota.

Endurnýjun tækjabúnaðar stendur yfir en staðallinn er „Full HD“ stafræn upptökutækni. Vídeoupptökuvélar eru frá Sony, hljóðnemar (stefnuvirkir og nælur) frá Sennheiser en fjölkamerumixer og aukabúnaður frá Black Magic Design. Borgarholtsskóli hefur nýverið keypt Full HD mixer og myndavélar með SDI útgangi (sem tæknilega er í þeim gæðum sem t.d. RÚV er í þann mund að færa útsendingu sína yfir á). Einnig er skólinn með Canon DSLR myndavélar til vídeóupptöku

og  Zoom hljóðupptökutæki. Aukabúnaður samanstendur af ljósakistum og handljósum, víðvinklum og þráðlausum hljóðnemum, svo nokkuð sé nefnt. Deildin hefur 90 Macintosh útstöðvar til klippingar og eftirvinnslu og notar Avid, Premier, FinalCut og AfterEffects við þá vinnu. Í skólanum er lítið stúdíó með ljósabúnaði og stjórnherbergi til upptöku og beinna útsendinga á netinu. Tækjavörður er í hálfu starfi og hefur hann umsjón með tækjabúnaði og útlánum til nemenda.

Við deildina starfa 11 kennarar, flestir í fullu starfi, þar af þrír fagmenntaðir kvikmyndagerðarmenn, einn kvikmyndafræðingur og tveir leiklistarkennarar, auk þess sem aðrir kennarar hafa margs konar reynslu af fjölmiðlun og kvikmyndaframleiðslu.

Heildarskipulag skólans gerir ráð fyrir um 150–170 nemendum að jafnaði í margmiðlunarhönnun. Í apríl 2012 voru 142 nemendur í margmiðlunarhönnun, þar af um 50 í fjölmiðlatækni. Borgarholtsskóli hefur lagt fram nýja tillögu að brautarskipulagi. Þar er gert ráð fyrir fjögurra ára námi til stúdentsprófs af listnámsbraut og möguleika á meiri sérhæfingu í margmiðlun. Flæðirit yfir tillögur að náminu má sjá í viðauka 4.

### Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (FNV)

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra hóf að kenna áfanga í kvikmyndagerð haustið 2011. Nemendur geta tekið tvo þriggja eininga áfanga á önn, samtals 12 einingar á skólaári.

Sem stendur tilheyrir námið ekki ákveðinni námsbraut. Af þeim sökum eru áfangar í kvikmyndagerð felldir undir valáfanga á mismunandi brautum. Nemendur eiga þó að geta tekið sex einingar á önn, samtals 30 einingar, í fögum tengdum kvikmyndagerð. Þessar einingar eru gjaldgengar til stúdentsprófs.

FNV hefur sent mennta- og menningarmálaráðuneytinu tillögu að starfsnámsbraut. Í tillögunni er gert ráð fyrir þriggja ára, 100 eininga námi í kvikmyndagerð. Þá geta nemendur lokið framhaldsskólaprófi í kvikmyndagerð að loknum 69 einingum. Fari nemendur þá leiðina þurfa þeir að gera ráð fyrir að ljúka níu einingum á önn í faggreinum. Nemendur geta lokið viðbótarnámi til stúdentsprófs.Tillögurnar má sjá í viðauka 5.

Kennsla í faggreinum kvikmyndanámsins fer fram í húsnæði Skottu kvikmyndafjelags á Sauðárkróki, sem er kvikmyndaframleiðslufyrirtæki. Þar er öll nauðsynlega aðstaða, m.a. myndver, sjónvarpstækar upptökuvélar, klippisvítur og búnaður fyrir lýsingu og hljóðsetningu ásamt „Full HD White Screen“ myndvarpa.

### Fjölbrautaskólinn við Ármúla

Í Fjölbrautaskólanum við Ármúla er kominn vísir að námi í kvikmyndagerð, en þar eiga nemendur þess kost að taka þrjá kvikmyndaáfanga; níu einingar samanlagt sem val í tækni og aðferðum greinarinnar og þrjár einingar í fagbóklegu námi.

Í skólanum er stofa fyrir kvikmyndakennslu og hafa nemendur aðgang að 2 Mac klippitölvum og 6 PC klippitölvum.  Annar tækjakostur: fimm upptökuvélar, ein fullkomin Sony-vél, tvær  „semipro“ Sony-vélar, allar þrjár með HD upptökumöguleika, og tvær litlar Sony-vélar  fyrir nemendur að spreyta sig á. Fjölbrautarskólinn við Ármúla leigir annan búnað til einstakra verka, t.d. þrífætur, ljós og myndatökuvélar.

Húsnæðisaðstaða Fjölbrautarskólans við Ármúla er góð og býður upp á ýmsa möguleika. Þar er 200 manna fyrirlestrarsalur með öflugum myndvarpa og tjaldi. Hægt er að stækka salinn þannig að hann rúmi 700 manns og nýta fyrir tónleikahald og uppsetningu leikrita, sem er hluti af námi nemenda í kvikmyndaáföngunum.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur áform um að efla nám í kvikmyndagerð á næstu árum, meðal annars með breyttu brautarskipulagi þar sem nemendur geta lokið stúdentsprófi af „nýsköpunarbraut“, þar sem kvikmyndagerð verður mikilvægur þáttur í náminu. Í bígerð er að bjóða upp á nýjan áfanga, sem verður uppsetning á kvikmyndahátíð framhaldsskólanna. Tillögurnar má sjá í viðauka 6.

### Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

Á upplýsinga- og fjölmiðlabraut Flensborgarskólans geta nemendur tekið allt að 35 einingar í kvikmyndagerð og fögum tengdum kvikmyndagerð.

Námið er þannig skipulagt að fyrst ljúka nemendur þremur önnum í kjarna og faggreinum áður en þeir sérhæfa sig í fjölmiðlatækni í tvær annir.

Á fyrstu þremur önnunum eru tveir áfangar í fögum tengdum kvikmyndagerð, samtals fimm einingar. Síðustu tvær annirnar, sérhæfing í fjölmiðlatækni, skiptist í 30 eininga verklegt nám og 10 eininga bóklegt. Verklega námið er nánast eingöngu í fögum tengdum kvikmyndagerð, sérstaklega tækni í kvikmyndagerð. Í bóklegum hluta námsins eru áfangar sem tengjast kvikmyndanámi, svo sem kvikmyndalæsi, saga fjölmiðla o.fl.

Veturinn 2011 stunduðu 39 nemendur nám við upplýsinga- og fjölmiðlabraut Flensborgarskólans ef taldir eru saman þeir nemendur sem voru í grunnnámi og á sérsviði. Auk þeirra voru skráðir í deildina nokkrir nemendur (u.þ.b. 10) sem hafa lokið sérsviðsnámi og eru í viðbótarnámi til stúdentsprófs.

Í Flensborgarskólanum er prýðisaðstaða í fjölmiðladeild, bæði fullkomið myndver fyrir upptöku og útsendingu á sjónvarpsefni. Þar er einnig 36 rása fullkomið hljóðver með fjölda stúdíohljóðnema og 24 rása færanlegum upptökubúnaði. HD upptökuvélar fyrir sjónvarp og kvikmyndir eru sjö og um tuttugu vel búnar Apple klippitölvur fyrir sérsvið í fjölmiðlatækni og grunnnám fjölmiðla. Þá er í deildinni fullbúin útvarpsstöð með langtímaleyfi og 2kW útvarpssendi. Námskrá skólans er í viðauka 7.

### Kvikmyndaskóli Íslands (KVÍ)

Kvikmyndaskóli Íslands er eini kvikmyndaskóli landsins. Hann var stofnaður árið 1992, er í einkaeigu og á framhaldsskólastigi og hefur frá árinu 2003 starfað með viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins.  Skólinn fær rekstrarstyrk frá ráðuneytinu en er að öðru leyti fjármagnaður með skólagjöldum nemenda.

Frá árinu 2009 hefur KVÍ starfað samkvæmt háskólaviðmiðum, gert kröfur um stúdentspróf við inntöku og stuðst við ECTS einingaviðmið í tímamælingu námskeiða. Markmið KVÍ er að fá viðurkenningu til að starfa á háskólastigi og hafa forsvarsmenn skólans meðal annars átt í viðræðum við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands um samstarf.

KVÍ hefur frá 2007 boðið tveggja ára nám í fjórum deildum: leikstjórn/framleiðsla, skapandi tæknivinna, handrit/leikstjórn og leiklist. Hver námsbraut er 120 einingar og er að meðaltali 35

námskeið. Samanlagt eru haldin um 140 námskeið við skólann. Frá 2007 hefur KVÍ tekið inn 40 nemendur tvisvar á ári og því eru samtals 160 nemendur við nám í skólanum á hverjum tíma. Forsvarsmenn KVÍ telja þetta vera hæfilega stóran hóp fyrir skólann, til að ná æskilegu hópefli og miðað við eftirspurn nemenda og vaxtamöguleika greinarinnar.

Kvikmyndaskóli Íslands hefur sótt um viðurkenningu á námskrá skólans sem 4. þreps námi, þ.e. námi sem má meta til háskólaeininga náist samkomulag um slíkt.  Forsvarsmenn skólans hafa lýst áhuga á samstarfi við Háskóla Íslands um slíkt mat.

Vorið 2012 hlaut KVÍ inngöngu í alþjóðasamtök kvikmyndaskóla, CILECT.

Fyrir liggur tillaga að nýrri námskrá KVÍ, sjá viðauka 8.  Í viðauka 9 má sjá samanburð KVÍ við aðra skóla sem var unnin af KVÍ.

### Listaháskóli Íslands (LHÍ)

Listaháskóli Íslands hefur frá árinu 2004 haft uppi áform um að stofna til kvikmyndanáms við skólann. Lét skólinn vinna skýrslu um forsendur slíks náms og lagði fram tillögur þar um. LHÍ hefur ítrekað áhuga sinn á að skipuleggja slíkt nám og lýsir yfir vilja til að endurnýja fyrri tillögur í takt við þróunina sem hefur orðið í greininni og fella þær að breyttu skipulagi og viðmiðum skólans.

Áform Listaháskólans miðast við nám til BA-prófs. Skólinn leggur áherslu á sérhæfingu innan greinarinnar á sviðum handritsgerðar, leikstjórnar og framleiðslu, kvikmyndatöku, klippingar, hljóðs og tónlistar og leikmyndagerðar. Gert er ráð fyrir að námið tilheyri sérstakri deild, kvikmyndadeild, en við skipulag þess vill skólinn fullnýta möguleika sem hann býr yfir til þverfaglegra tenginga á milli deilda, svo sem við tónlist, leiklist, grafíska hönnun, hönnun og myndlist. Jafnframt er horft til þess að víkka nám í listkennsludeild á meistarastigi svo að það geti náð til kennaranáms í greininni. Gert er ráð fyrir að í kvikmyndadeild verði 36-42 nemendur samtals, og er þá miðað við að ekki verði teknir inn nýir nemendur hvert ár.

Skólinn áætlar að skipa sérstakan vinnuhóp sérfræðinga og háskólafólks til að endurnýja fyrirliggjandi tillögur sem síðan verða bornar undir lykilaðila innan kvikmyndagreinarinnar, s.s. félög kvikmyndagerðarmanna og rekstraraðila. Á grundvelli niðurstöðunnar mótar skólinn sín áform og leggur þann grunn sem er nauðsynlegur til að koma náminu af stað.

Tillögur LHÍ að kvikmyndanámi má sjá í viðauka 10. Í viðauka 11 má sjá yfirlit um alþjóðlegt samstarf LHÍ.

### Reykjavík Film Academy

Reykjavík Film Academy er í einkaeigu menntaðra kvikmyndagerðarmanna og hóf störf sumarið 2012. Skólinn mun halda sex vikna námskeið nokkrum sinnum á ári, sérstaklega ætluð útlendingum/ferðamönnum. Skólinn sækir fyrirmynd sína í skóla á borð við *New York Film Academy* og *European Film College* í Danmörku. Viðauki 12.

Skólinn stefnir að því að bjóða uppá námskeið allan ársins hring. Þrátt fyrir að kennt verði á ensku á öllum námskeiðunum er skólinn einnig opinn Íslendingum. Stofnendur hyggjast ekki sækjast eftir stuðningi hins opinbera.

### Tækniskólinn

Í Tækniskólanum er kvikmyndagerð kennd innan Margmiðlunarskólans sem hluti af námi í skólanum. Þar svarar hagnýt menntun í kvikmyndagerð til um fjórðungs af 80 eininga námi, eða í heildina um 20 eininga af námi sem að öðru leyti byggir á skyldum þáttum, hreyfimyndagerð og tæknibrelluvinnu. Auk þessa eru í boði tveir áfangar í vali í kvikmyndagerð, eða sex einingar alls, blanda af faglegu og fagbóklegu námi. Vorið 2012 voru alls 52 nemendur í kvikmyndatengdu námi í Tækniskólanum.

Aðstaða í Tækniskólanum fyrir þá kennslu sem talin er upp hér að framan er góð og skólinn er einnig með samstarfssamning við Stúdíó Sýrland um notkun á hljóð- og myndverum.

Tækniskólinn er með í undirbúningi nám í kvikmyndagerð sem yrði árs nám byggt ofan á núverandi nám skólans í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum. Í áætlunum um slíkt nám er reiknað með að allt námið yrði í hagnýtri kvikmyndagerð auk fagbóklegra greina.

Tillögur Tækniskólans má sjá í viðauka 13.

Í Tækniskólanum eru margar deildir sem hægt er að virkja, með litlum tilkostnaði, til að kenna sérhæfð stoðfög innan kvikmyndagreinarinnar. Til dæmis hár, hljóð, tölvuvinnsla, ljós/rafvirkjun, búningagerð, leikmyndahönnun, leikmyndagerð.

### Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

Keilir býr yfir aðstöðu sem hugsanlega væri hægt að innrétta og nota sem umgjörð fyrir kvikmyndaframleiðslu t.d.  stúdíó.  Kennsla í kvikmyndagerð fer ekki fram þar.

## III Kvikmyndanám erlendis

Gróflega má skipta leiðandi kvikmyndaskólum í tvo flokka: hinn sígilda evrópska kvikmyndaskóla og sérstakar kvikmyndadeildir við háskóla. Sameiginlegt með báðum flokkum eru listrænar forsendur kvikmyndanáms.

Evrópsku skólarnir einkennast af fjögurra ára námi og fámennum hópum nemenda á hverju sviði. Námsferlið er fastskorðað og þurfa nemendur að ljúka öllum fjórum árunum til að útskrifast. Dæmi um slíka skóla eru *Danski kvikmyndaskólinn*, *FAMU* í Tékklandi, *Pólski kvikmyndaskólinn* í Lodz, *Þýsku kvikmynda- og sjónvarpsskólarnir* í Berlín og München.

Í Bandaríkjunum hefur þróast annars konar kerfi sem einkennist af sérstökum kvikmyndadeildum við háskóla þar sem nemendur geta, að loknu námi til BA-prófs, skráð sig í tveggja ára framhaldsnám. Dæmi um slíka háskóla er *New York University* (*Tisch*), *Columbia University*, *UCLA* og *University of Southern California*.

Kvikmyndanám er í eðli sínu dýrt, bæði vegna þess hve greinin er samsett og einnig vegna dýrra sérhæfðra tækja og forrita, uppfærslu þeirra og viðhalds. Í öllum leiðandi skólum er takmarkaður fjöldi námsplássa og skilyrði að nemendur standist inntökupróf. Jafnframt er brýnt að hafa ákveðinn lágmarksfjölda nemenda til að tryggja það hópefli sem listskapandi greinum er nauðsyn. Það leysti Danski kvikmyndaskólinn með því að taka inn nemendur annað hvert ár, sex nema á hverja námslínu eða samtals 36 og t.d. hefur kvikmynda- og sjónvarpsskólinn í Berlín áform um að fækka nýnemum á leikstjórabraut úr 12 í 8-10 á hverju ári.

Erlendu sérfræðingarnir sem störfuðu með stýrihópnum, Henning Camre og Vladan Nikolic, eru með bakgrunn hvor úr sínu kerfinu og hafa báðir unnið við skipulag og þróun kvikmyndanáms í viðkomandi kerfi.

Nokkur fjöldi íslenskra kvikmyndagerðarmanna hefur hlotið formlega menntun við virta skóla erlendis, innan beggja þessara kerfa.

## IV Kvikmyndamenntun á Íslandi – Mat stýrihóps á núverandi stöðu

Eftir fundi með menntastofnunum og fagfélögum kvikmyndagerðarmanna fékk stýrihópurinn nokkuð skýra mynd af stöðu kvikmyndamenntunar á Íslandi.

Ljóst er að hér hefur vantað heildstæða stefnu um kvikmyndamenntun. Það hefur leitt til sundurleits kvikmyndanáms sem einskorðast við framhaldsskólastig, þar sem hver skóli hefur þróað nám til að svara ákveðinni eftirspurn og áhuga. Framtakssemi skólanna hefur að hluta til bætt úr brýnni þörf og margt gott komið út úr þeirra starfi. Skólarnir hafa þó haft tilhneigingu til að einblína á tæknilega þætti kvikmyndagerðar, að Kvikmyndaskólanum undanskildum. Skortur á kennslu í myndlæsi á öllum skólastigum skýrir það að miklu leyti. Mikilvægt er að skerpa á því námi sem í boði er til að menntastofnanir uppfylli raunhæfar væntingar þeirra sem vilja starfa í greininni að loknu námi.

Þrátt fyrir ötult starf á framhaldsskólastigi er ekki til sú menntun í landinu þar sem nemendur útskrifast með alþjóðlega viðurkennda gráðu í kvikmyndagerð (að undanskilinni kvikmyndafræði í Háskóla Íslands sem er af akademískum toga og ekki eiginleg kvikmyndagerð). Þeir sem ljúka kvikmyndanámi á framhaldsskólastigi hafa sjaldnast öðlast þá þekkingu eða þjálfun sem þarf til að hefja störf í ýmsum greinum innan kvikmyndagreinarinnar. Nemendur sem ljúka slíku námi fá innsýn í greinina, sem er ágætur grunnur að frekara námi. Miðað við stærð og vöxt kvikmyndagreinarinnar er ekki ástæða til að treysta einvörðungu á menntun kvikmyndagerðarmanna erlendis. Á Íslandi eru allir innviðir fyrir hendi, þar með talið sterkur kjarni fagfólks sem hefur menntað sig við virta skóla erlendis, og því eru forsendur til að byggja upp frekara nám hérlendis.

Stýrihópurinn telur því mikilvægt að stofnað verði til háskólanáms til BA-prófs, þar sem listrænt gildi er haft í hávegum. Tilkoma slíks náms myndi vafalaust gera kvikmyndanám á Íslandi mun markvissara, þar sem fyrir lægi heildstætt námsferli fyrir nemendur. Slík þróun gæfi framhaldsskólum færi á að þróa námsbrautir sínar í takt við aðgangsviðmið háskóla og það námsframboð sem þar væri í boði. Einnig er mikilvægt að kvikmyndanám verði samhæft á öllum skólastigum og að tekið verði mið af námslokum eða áföngum sem passa við það sem tíðkast erlendis, enda er greinin í eðli sínu alþjóðleg.

Fjöldi nemenda í kvikmyndagerðarnámi á háskólastigi yrði væntanlega takmarkaður, enda er námið í eðli sínu dýrt og takmörk fyrir því hve mörgum nemendum er hægt að sinna hverju sinni svo að gæði og faglegur metnaður haldist. Hins vegar þarf einnig að mennta og þjálfa aðila sem vinna ýmis stoð- og aðstoðarstörf í kvikmyndagreininni. Stýrihópurinn leggur því til að í boði verði sérhæft kvikmyndanám á framhaldsskólastigi, sem verði þróað í samræmi við alþjóðlegar starfslýsingar og hæfnikröfur starfa.

Þótt myndmiðlar séu ráðandi í samfélaginu er miðlalæsi ekki kennt í grunnskólum. Úr þessu þarf að bæta, enda er það í samræmi við grunnþáttinn læsi í aðalnámsskrá grunnskóla 2011. Kvikmyndalæsi var auk þess einn liður „Samkomulags um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu árin 2012–2015“ sem undirritað var 8. desember 2011 af fulltrúum félaga kvikmyndagerðarmanna og fjármála- og mennta- og menningarmálaráðherrum. Hugsanlega mætti kanna samstarf við Námsgagnastofnun og Kvikmyndasafn Íslands auk þess sem Bíó Paradís, (sem er sjálfseignarstofnun sem hefur boðið sérstakar grunn- og framhaldsskólasýningar) er góður vettvangur fyrir kennslu í lykilverkum kvikmyndasögunnar, þar sem allir skólar þ.m.t. kvikmyndafræði við HÍ gætu sameinast um aðstöðu – og lagt grunninn að sterkari umgjörð fyrir það hópefli sem nauðsynlegt er í skapandi námi.

Að lokum verður að minnast á mikinn vaxtabrodd í nýrri sjónrænni miðlun (new media). Notkun nýrra miðla fer vaxandi hérlendis sem erlendis og eru þeir angi af því sem þessi skýrsla hverfist um. Kennsla framhaldsskóla í nýmiðlun er að miklu leyti háð áhuga og eftirspurn. Þar sem að þessi stýrihópur var ekki beðin um að skoða nýmiðlun sérstaklega hefur hann einskorðað sig við að skoða hina eiginlegu kvikmyndamenntun.

## V Kvikmyndamenntun á Íslandi – Tillaga stýrihóps

Stýrihópurinn og erlendu sérfræðingarnir hafa á þessu stigi málsins komist að þeirri niðurstöðu að það beri að skipta kvikmyndamenntun á Íslandi í fjögur þrep. Flestir viðmælendur voru sama sinnis:

1. Kvikmynda- og fjölmiðlalæsi, kennt á grunnskólastigi.
2. Almennt kvikmyndanám á framhaldsskólastigi.
3. Sérhæfing á framhaldsskólastigi í stoðhlutverkum kvikmyndagreinarinnar, svo sem hljóð, hár, förðun, tölvuvinnsla, ljós/rafvirkjun, búningar, leikmyndagerð o.s.frv.
4. Sérhæfing í kvikmyndagerð á BA-stigi. Áhersla lögð á listrænan grunn og markmiðið að útskrifa leiðandi kvikmyndagerðarmenn á sviðum leikstjórnar, handritsgerðar, kvikmyndatöku, klippingar, hljóðs og framleiðslu.

### Grunnskólastig

Kennsla í kvikmynda- og fjölmiðlalæsi á að hefjast í grunnskólum. Myndefni er ráðandi í nútímasamfélagi þegar kemur að heimildum, fréttum, afþreyingu, tölvuleikjum, auglýsingum o.s.frv. Því er brýnt fyrir samfélagið að efla þekkingu og skilning á miðlinum svo einstaklingar geti lagt sjálfstætt mat á það sem fyrir augu þeirra ber. Mikilvægt er að skilja lögmál myndmiðilsins og öðlast getu til að lesa í og greina myndupplýsingar. Þannig er til dæmis æskilegt að ráða yfir þekkingu til að gera greinarmun á fréttamyndum og leiknu efnu, leggja mat á gæði og sannleiksgildi heimilda o.s.frv.

Kvikmyndalæsi eykur skilning á myndmiðlinum og þeim möguleikum sem hann hefur að bjóða. Þetta ætti að hafa í för með sér aukið sjálfstraust þegar kemur að því að beita miðlinum, njóta hans og ýta undir listsköpun. Þess vegna er mikilvægt að styrkja þennan þátt enn frekar á framhaldsskólastigi.

Jafnframt ætti að koma á kvikmyndasmiðjum þar sem áhugasamir krakkar geta spreytt sig á að gera stuttar myndir undir leiðsögn kennara. Ætla má að slíkar smiðjur gætu stuðlað að virkni stelpna en þátttaka kvenna í skapandi þáttum kvikmyndagreinarinnar er sláandi minni en karla. Nú eru tæki sem þarf til orðin það ódýr að tiltölulega litla fjármuni þarf til að útbúa sómasamlega aðstöðu sem gæti gagnast nokkrum hópum í senn. Má sjá fyrir sér að skólar gætu haft samvinnu um slíkar smiðjur, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem á landsbyggðinni.

### Framhaldsskólastig – Almennt kvikmyndanám

Stýrihópurinn telur að í almennu kvikmyndanámi á framhaldsskólastigi beri að leggja áherslu á kvikmyndalæsi, innihald, kvikmyndafræði og -sögu, auk þess að veita nemendum innsýn í grunnþætti kvikmyndagerðar. Ráðlagt er að horfa til nágrannalanda við skipulag og útfærslu námsins, enda eru alþjóðlegir staðlar mikils metnir þegar kemur að frekara námi eða vinnu við fagið.

Markmiðið með náminu er að nemendur öðlist skilning á undirstöðuþáttum kvikmyndalistarinnar og hafi þannig traustan grunn til að byggja á. Námið ætti að vera almennt grunnnám, sem fyrir utan menntunargildi yrði góður grunnur fyrir frekara kvikmyndanám eða nám í tengdum fögum.

Stýrihópurinn telur að náið samstarf á milli skóla sé æskilegt og að skoða ætti þann möguleika að kjarnaskóli gæti verið leiðandi fyrir tæknilega þætti námsins.

### Framhaldsskólastig – Sérhæfing í stoðgreinum

Nemendur sem vilja leggja áherslu á ýmsa tækniþætti og stoðgreinar sem tengjast kvikmyndagerð geta sérhæft sig á mismunandi hæfniþrepum framhaldsskóla. Hér verður gerður greinarmunur á listrænu námi, sem fram fer á háskólastigi, og sérhæfðri fag- og tæknimenntun.

Markmiðið með náminu er að þjálfa nemendur til að vinna ýmis stoðstörf innan kvikmyndagreinarinnar. Við uppbyggingu námsins er mikilvægt að horfa til alþjóðlegra skilgreininga á störfum innan greinarinnar og hvaða hæfni þarf til að sinna þeim.

Ákveðnir skólar eru þegar í stakk búnir til að sinna slíku námi. Til dæmis geta deildir sem bjóða nám í rafvirkjun, hárgreiðslu, smíði, hljóðvinnslu, tölvuvinnslu/grafík og kvikun bætt við sérhæfðum áföngum í kvikmyndagerð. Með því að nýta aðstöðuna sem þegar er fyrir hendi er hægt að halda kostnaði í lágmarki.

Vegna þess hve kvikmyndanám er dýrt í eðli sínu og brýnt er að uppfæra þekkingu og tækjakost reglulega, er ráðlegt að takmarka þann fjölda skóla sem bjóða slíka sérhæfingu. Æskilegra væri að einstakir skólar sérhæfðu sig á ákveðnu sviði eða að um einn kjarnaskóla yrði að ræða, með mögulegu flæði nemenda á milli deilda og mati á sérhæfðu námi milli skóla.

Stýrihópurinn telur að starfsnám verði mikilvægur hluti námsins, líkt og tíðkast með verknám almennt. Því verður mikilvægt að þróa námið í samstarfi við framleiðslufyrirtæki og sjónvarpsstöðvar. Fjöldi nemenda mun þannig að einhverju leyti ákvarðast af fjölda lærlingsstaða hverju sinni og haldast í hendur við þarfir starfsgreinarinnar.

Eftirfarandi nám gæti staðið til boða:

- Aðstoð við kvikmyndatöku, ljósamaður, lýsing (rafvirki)
- Hljóð – aðstoð við hljóðhönnuð/upptöku
- Hár
- Förðun
- Tölvuvinnsla, tæknibrellur, stafræn litgreining, kvikun
- Leikmynd (smiður)
- Búningar (kjólasveinn/klæðskeri)

### Grunnám á háskólastigi í kvikmyndagerð

Stýrihópurinn telur að hefja beri kennslu í kvikmyndagerð á háskólastigi á Íslandi, sem lyki með BA-prófi. Sökum smæðar samfélagsins og takmarkaðs fjármagns er æskilegt að nemendur sæki framhaldsnám út fyrir landsteinana.

Í kvikmyndagerðarnámi á háskólastigi er mikilvægt að leggja áherslu á hinn listræna þátt og vænta má að þeir nemendur sem útskrifast með slíka menntun verði leiðandi á öllum sviðum

myndmiðlunar. Þess vegna er lagt til að veigamestu listrænu hlutverkin í kvikmyndagerð verði kennd í háskólanámi. Þau eru leikstjórn (með áherslu á leiknar myndir og heimildamyndir), handritsgerð, kvikmyndataka, klipping, hljóð og framleiðsla. Ákveðin svið kvikmyndadeildar geta einnig skoðað samstarf við aðrar háskóladeildir, þar sem forsendur fyrir þverfaglegar tengingar eru fyrir hendi, t.d. viðskiptafræði vegna framleiðslu og markaðssetningar og kvikmyndafræði og listasögu.

Miðað við stærð greinarinnar hér á landi og hversu dýrt kvikmyndagerðarnám er, má gera ráð fyrir takmörkuðum nemendafjölda. Því er æskilegt að taka fleiri nemendur inn sjaldnar fremur en færri nemendur oftar, enda hópefli og innblástur mikilvægur grunnur í skapandi starfi.

Sökum smæðar samfélagsins og listræns eðlis námsins yrði kvikmyndagerðarnámi til BA-prófs best fyrirkomið innan veggja listaháskóla. Það tryggir hagkvæmni í rekstri, ýtir undir samlegðaráhrif og eykur samstarfsmöguleika kvikmyndadeildar við aðrar listgreinar innan skólans, svo sem tónlist, hönnun, grafíska hönnun, leiklist og myndlist. Einnig gæti verið ráðlagt að efna til samstarfs við aðra háskóla á þverfaglegum sviðum eins og áður er nefnt.

Kvikmyndagerðarnám undir formerkjum listaháskóla opnar einnig ýmsar dyr fyrir nemendur (og kennara), sem með slíku fyrirkomulagi hljóta aðgang að skiptinámi í gegnum alþjóðlegt samstarf háskólans. Auk þess er BA-gráða frá viðurkenndum háskóla lykill að frekara námi erlendis.

Hópurinn leggur til að við uppbyggingu námsins verði tekið mið af viðurkenndum háskólum, til dæmis *New York University*, *Columbia*, New *School (Parsons)* og *Danska kvikmyndaskólanum*. Einnig mætti líta til *Alto-skólans* í Finnlandi þar sem tækni- og skapandi greinar eru innan sama háskóla.

Hér er ekki lagt mat á kostnað en gert ráð fyrir að tillaga stýrihópsins sé hagkvæmasta lausnin bæði út frá faglegum og fjárhagslegum forsendum. Mikið brautryðjendastarf hefur átt sér stað hérlendis á undanförnum árum og traustir innviðir, þekking og reynsla byggst upp. Það er skoðun stýrihópsins að mikilvægt sé að nýta þá reynslu við frekari uppbyggingu kvikmyndanáms og jafnframt samhæfa þá krafta svo að gagnist nemendum og greininni til frambúðar.

Reykjavík, 31. ágúst 2012

Hrafnhildur Gunnarsdóttir
Laufey Guðjónsdóttir
Þórunn Jóna Hauksdóttir

## VI Heimildir sem nýttust við gerð skýrslunnar:

Bamford, Anne. 2011, apríl. *List- og menningarfræðsla á íslandi.* Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

*Íslensk kvikmyndagerð fyrir íslenska menningu, áhorfendur og tungu. Greining á starfsskilyrðum kvikmyndagerðar á Íslandi.* 2010. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Margrét Sigrún Sigurðardóttir (Dr.) og Tómas Young. 2011, maí. *Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina*. Samráðsvettvangur skapandi greina, Íslandsstofa, mennta- og menningarmála-, utanríkis-, fjármála-, iðnaðar og efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

*Nám í kvikmyndagerð á Íslandi. Þörf og möguleikar.* 2012, febrúar. Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (Einnig athugasemdir við skýrsluna).

*Samkomulag um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu árin 2012-2015.* Mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK), Félag kvikmyndagerðarmanna (FK) og Samtök kvikmyndaleikstjóra (SKL).

# Viðauki 1

# Skýrsla Vladan Nikolic

**FILM EDUCATION IN ICELAND – OBSERVATION REPORT**
(Visit March 12-16, Report concluded April 2, 2012)

by Vladan Nikolic

---

## Introduction: Film- vs. Media Studies and Production

After reading the report on Film Education in Iceland and after my visit, I think it is pertinent to first outline the basic framework of current developments in film and media production and education. Film professionals and educators in the field will be familiar with this information, but I believe that it is important to highlight it to all involved in this evaluation process – especially to those from other disciplines. This is not just an issue of semantics, but of vital importance to fully understand the study and the need for film- vs. media professionals in the industry.

Simply put, if we say that currently hundreds of students take various filmmaking classes in Iceland every year, and the industry won't possibly be able to absorb them, we would conclude that there are too many film courses. However, this would be misleading, as the study positions these programs only in relation to employment opportunities in feature film companies (the "top-end" of film production). Most of the *film-related classes*, however, are actually broader and more general in scope, and would fall into the category of *media studies and production.* These classes form an excellent base for further specialization in various film and media fields, and provide solid training for jobs in a variety of media-related professions.

The old model of Film, TV and Video production has significantly changed over the past two decades. This has many implications for the industry, as well as education models. Filmmaking has been defined by its formats (narrative, documentary, etc.) and technology – film stock and cameras, which were expensive and took a long time to learn and master. TV grew out of radio broadcast and shared with video the various professional tape formats- where 'video' became mostly the standard for informational and news media.

With the advance of digital technology, the lines between 'film' and 'video' have increasingly blurred. At this point both *filmmakers* and *video-makers/TV* use the same technology – which is digital video. The gulf between high-cost 'professional' equipment and 'consumer' equipment has also narrowed to the point where an amateur is able to purchase equipment, which will enable him/her to produce professional-level *films* or *videos.* The distinction between a film and video is not

technological any more, it has become about the format – narrative or documentary storytelling are still considered *films,* while purely informational or news-programs are considered *videos.*

The overall availability of production equipment (cameras, editing software, computers) has also changed film education, in the sense that students don't have to go to film school to have access to filmmaking tools. Now, this education focuses more on teaching students what to do with these tools (storytelling techniques, aesthetics, etc.) rather than to focus primarily on technical mastery.

Of course, the expected skill-level changes on the high-end professional level – say, a larger fiction feature film, or high-end commercial, where the high-end digital equipment is still more expensive, the production process more demanding and complex, and there are very precise practices and requirements put before the crew. However, in a time where video has become ubiquitous – from online news to company presentations – this high-end production is only a part of a much broader picture. In fact, that part is fairly static in terms of size and employment opportunities, while the other, new, and/or smaller media-production related fields are growing. ***

I believe that it is important to take into account these developments, as they profoundly affect film and media education, not only in its current state, but even more so in future developments. Designing Film and Media curricula and programs should reflect this reality, and should be able to adjust to the changing demands of the film and media landscape in order to remain current and relevant.

---

****** These fields comprise new media, interactive and cross-media productions, which include various forms, from online videos – such as web-commercials, web-serials, presentations, company videos- to integrating online, gaming and video, animation, trans-media production, social and mobile media, as well as videos produced for various other fields – educational, informational, inter-disciplinary, etc.*

**SUMMARY**

Overall, the breadth and scope of film and media education in Iceland, as well as the present industry and skill-base, are highly impressive, especially given the size of the country. Based on my observations and discussions, I think that there is a very sound base to build on, and that most essential elements are already in place. Below

is a point-summary of what I believe are the strengths to build upon, the areas that should be addressed further, and potential opportunities that haven't been sufficiently explored yet:

*Strengths:*

- A solid, broad range of media/film courses in upper secondary schools, which can be expanded and connected, as they serve as basis for a strong general media education;

- A strong industry base, which can complement education through internships and apprenticeships,

- Filmmakers educated abroad, with strong ties internationally,

- International industry connections,

- A good technical infrastructure, which can be build upon,

- Initiative and entrepreneurship on part of the education institutions and industry.

*To be addressed:*

- Mission and outcomes of education should be more clearly defined and monitored (are schools/programs educating for highly specialized crafts-people, film artists, or media generalists; is there a particular focus area/specialization within the field; where do students go afterwards, how many stay in the field, etc.); career counseling for students, outlining all the options in media and film.

- More integration and collaboration between the schools and programs (I think there is room for all the stakeholders, but as they expand their courses/programs, they should define their mission/outcomes more clearly, integrate and collaborate rather than compete with each other),

- A clearer distinction between *Filmmaking* and *Media* Education, which should be reflected in the programs and curricula.

*Possible Opportunities to Explore:*

- Professional and Continuing Education workshops and classes in Film and Media – both for people from other fields, as well as updating knowledge for people who work in the field, ***

- More online classes and programs – (this has been a rapidly growing field, and is not restricted to lectures and seminars any more, but also includes production courses); this could also be a way for students to take classes and programs outside of their own schools, instead of having to travel to other schools (for example, to take courses in other focus areas, or as a way to connect other regional schools' programs with the ones in Reykjavik).

- Connections with international schools and programs (exchange programs, visiting professors and instructors, etc.)

- Developing possible intensive filmmaking programs in Iceland for foreign students, in collaboration with universities abroad (*for example, Keilir Atlantic Center for Excellence, in collaboration with other schools, could offer summer intensive programs for students from US universities – these types of summer intensive programs abroad are common and very popular among US students*).

- Introducing media and film classes in elementary schools, providing continuity in media education.

---

*** *A small business owner might want to learn how to make a video and upload onto the web; a film company executive, who has never worked in production, might want to take a production course, or a filmmaker might take a class in a new or specialized field, etc. - in the US, these courses are common, and are offered by most universities – NYU, Columbia, The New School, UCLA, etc. as classes in "Continuing Education and Professional Studies."*

**MAPPING OF FILM AND MEDIA EDUCATION IN ICELAND - DRAFT**

ELEMENTARY EDUCATION

I believe that Media and Film classes should be introduced in elementary school, to be built upon in secondary school. Subjects covered could include:

- Media Literacy: Understanding Media and Film Language as communication; History, impact, and developments.

- Basic tools (video, audio, editing, the web – foundations and hands-on learning).

SECONDARY AND UPPER-SECONDARY SCHOOLS

The schools and programs I have visited and been introduced to – Flensborg, Armuli, Borgsrholtsskoli and FNV (secondary school) have impressed me with their classes, enthusiasm, and resourcefulness. I believe that all of these schools have various strengths, can offer the basic overall media/film courses (as they already do), and collaborate with each other to solve technical issues *(such as software licensing, for example – if several schools would work together, they could get a better price for licenses, as they would have more users; or sharing possible studio spaces and uses instead of duplicating facilities, etc.*). Each school could also develop different focus areas in advanced courses.

Given the internal specifics of each school and program, I believe it is best to let the schools themselves discuss these possibilities in-depth; new and creative collaborations and developments could be encouraged through funding by the Ministry. Here are, in my view, the areas, where knowledge, skills and competence could be built:

SECONDARY & UPPER-SECONDARY EDUCATION

- Media and Film – Broad education in skills and aesthetics, as well as theory, history and critical analysis; new developments; understanding of the industry and production processes;

- Basic Production Skills:

- Design, Video, Audio, Post-Production (Editing, Compositing, Animation), web design and applications (Photoshop, Basic HTML, Wordpress, Apps, streaming, etc.)

- Intro to Narrative, Documentary, Interactive Forms & Developments – Film form, time-based media, TV and Web-TV;

- Different emphasis possible – connected to art, information, education, commercial and entertainment aspects.

Possible advanced (3rd/4th level?) – focus areas:

- Narrative, documentary, interactive, as well as cross-platform storytelling;

- Inter-disciplinary collaboration with other fields; public & community engagement (*for example, media in Education, NGOs, Human Rights, International Affairs, etc.)*

SPECIALIZED HIGHER-LEVEL EDUCATION / PROFESSIONAL TRAINING

This type of specialized education would focus primarily on the professional crafts aspect of filmmaking (somewhat similar to an AAS Degree in the US – a 2 year highly specialized program in areas such as audio recording, audio mixing, graphic design, etc.). In terms of film & media production, the areas that could be offered include:

- Sound Recordist/ Mixer
- Gaffer/ Grip
- DIT/ Assistant Camera
- Certified Stage/Set Electrician
- Camera Operator/Cinematographer
- Set Designer/ Set Dresser
- Production Manager/Line Producer
- Assistant Director/Technical Director
- Colorist/ 2D & 3D Animator
- Game Designer/Programmer

etc.

The programs should be administered in close collaboration with the industry, and could lead up to obtaining professional licenses for specific skill-levels (something

that had been discussed in relation to formulating the various Job requirements by the Filmmakers' Association).

Kennsluár: 2012 - 2013
Skipting tíma/kennslustunda:
Kennari/leiðbeinandi: Sjá kennara- og leiðbeinendaskrá
Undanfarar/forkröfur:
Námsmat: Ástundun og verkefni
Bækur/kennsluefni: Ljósrit

# REGLUR SKÓLANS 2012-2013

HLUTVERK
1. gr.
Kvikmyndaskóli Íslands (KVÍ) er menntastofnun sem sinnir menntun á sviði kvikmyndagerðar. Stefna skólans er að stuðla að uppbyggingu íslensks myndmiðlaiðnaðar með kraftmikilli listsköpun, rannsóknum, fræðslu- og miðlunarstarfi á öllum sviðum kvikmyndagerðar. Markmið skólans er jafnframt að bjóða upp á alþjóðlegt nám í kvikmyndagerð og laða að hæfileikafólk víðsvegar að úr heiminum til að stunda hér nám og störf. Stefna Kvikmyndaskóla Íslands er að komast í röð fremstu kvikmyndaskóla heims.

STJÓRNSKIPULAG
2. gr. Stjórn
Stjórn skólans er skipuð 5 mönnum sem tilnefndir eru af eigendum skólans. Leitast er við að stjórnarmenn séu með ólíkan bakgrunn og tengingar við íslenskt atvinnu og menningarlíf. Skipunartími stjórnar er 2 ár og hefst starfsár 1. ágúst ár hvert.

Stjórn Kvikmyndaskóla Íslands fer með æðsta ákvörðunarvald innan skólans, mótar framtíðarstefnu, ber ábyrgð á rekstri, bókhaldi og meðferð fjármuna. Stjórn staðfestir rekstrar- og fjárfestingaáætlun fyrir skólann og ársreikning hans. Stjórn ræður rektor að skólanum og leysir frá störfum.

3. gr. Heiðursráð (Honorary board)
Stjórn skipar í 12 manna heiðursráð við skólann. Í heiðursráðinu sitja aðilar sem eiga óumdeilt mikilvægan æviferil á einhverju sviði kvikmyndagerðar, eða hafa átt mikilvægan þátt í uppbyggingu Kvikmyndaskólans. Skipun í heiðursráð er til æviloka og nýir fulltrúar eru ekki skipaðir fyrr en aðrir falla frá. Hlutverk heiðursráðs er að vera stjórn til ráðgjafar í starfsemi skólans. Ráðið hittist einu sinni á ári í maímánuði. Þá er haldin kynning á skólanum og sýnt úrval af framleiðslu skólans.

4. gr. Rektor
Rektor ber ábyrgð á rekstri skólans í umboði stjórnar. Hann ber ábyrgð á að starfsemi hans sé í samræmi við hlutverk hans, markmið og gæðakröfur. Hann vinnur að mörkun heildarstefnu í málefnum skólans og hefur frumkvæði að endurskoðun skólanámskrár og stöðugu umbótastarfi innan skólans. Rektor ræður forseta deilda samkvæmt samþykktu umsóknarferli, og aðra starfsmenn sem heyra beint undir hann og stýrir daglegum störfum þeirra. Ráðning lykilstarfsmanna, svo sem fjármála-, kennslu- eða tæknistjóra skal þó vera í samvinnu við stjórn. Hann leggur fram fjárhags- og rekstraráætlun fyrir stjórn í upphafi hvers reikningsárs og ber ábyrgð á útgáfu skýrslu um starfsemi skólans í lok hvers skólaárs. Rektor situr fundi stjórnar með málfrelsis- og tillögurétt. Rektor kemur fram fyrir hönd skólans og er málsvari hans.

5. gr. Stoðdeildir
Við Kvikmyndaskóla Íslands eru eftirfarandi stoðdeildir sem bera ábyrgð gagnvart rektor og stjórn, á eftirtöldum verkþáttum í starfsemi skólans:

Skólaskrifstofa hefur umsjón með skráningu nemenda, stundarskrá og skipulagi húsnæðis, kennslumati og gæðaeftirliti, námsráðgjöf og alhliða stuðningi við starfsfólk og nemendur skólans. Skrifstofan hefur einnig umsjón með innkaupum á rekstrarvörum og samskipti við samstarfsaðila skólans vegna húsnæðis og almenns reksturs. Yfirmaður skólaskrifstofu ber titilinn kennslustjóri. Undir hann heyrir allt skrifstofufólk og húsverðir.

Tæknideild hefur umsjón með öllum tæknimálum skólans. Yfirmaður hennar ber titilinn tæknistjóri og undir hann heyra allir tæknimenn. Tæknideildin gerir tillögur um innkaup á tækjum, sér um uppsetningu og viðhald. Tæknimenn þjónusta nemendur og kennara eftir þörfum. Tæknideildin ber einnig ábyrgð á skipulagi allrar framleiðslu innan skólans og meðhöndlun framleiðsluverkefna.

Safnadeild hefur umsjón með bóka og myndasafni skólans og sér um skráningu og flokkun allra gagna sem tilfalla í skólastarfinu. Safnadeild sér einnig um kynningarstarf skólans að því marki sem það fellur að nýtingu á safnakosti skólans og hefur umsjón með heimasíðu. Safnadeildin þjónustar nemendur og kennara eftir þörfum. Yfirmaður safnadeildar nefnist safnstjóri.

Þróunardeild vinnur að nýjungum í skólahaldi og þróun skólastarfs.

Rektor er yfirmaður stoðdeilda.

Starfaskipan innan KVÍ haustið 2012 er eftirfarandi:

Stjórnsýsla
Rektor
Deildarforsetar

Skólaskrifstofa
Kennslustjóri/námsráðgjafi
Ritari/gjaldkeri
Skrifstofa og móttaka (2 starfsmenn)

Tæknideild
Tæknistjóri
Tæknimaður, myndver, tæki
Tæknimaður, hljóðver, kennsla
Tæknimaður tölvur

Safnadeild
Vefritstjóri, eftirmenntun, safnvörður

Þróunardeild
Þróunarstjóri

6. gr. Deildarforsetar og deildarráð
Forseti deildar fer með faglega stjórn deildar og ber rekstrar- og fjárhagslega ábyrgð gagnvart rektor. Deildarforseti skal hafa frumkvæði að mótun stefnu fyrir deildina. Hann ræður kennara og aðra starfsmenn til deildarinnar. Forseti deildar gerir fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi deild sem lögð skal fyrir rektor. Deildarforseti fer með úrskurðarvald innan deildar í málefnum er varða námsferil og námsframvindu nemenda. Nemendur geta skotið ákvörðun deildarforseta til sérstakrar úrskurðarnefndar, sbr 7. gr. Í hverri deild starfar deildarráð sem er samráðsvettvangur innan deildar og er deildarforseta og stjórnsýslu skólans til ráðgjafar um fagleg málefni. Auk deildarforseta sitja í ráðinu tveir kennarar deildarinnar og einn fulltrúi nemenda úr hverjum bekk. Deildarforseti stýrir störfum ráðsins og er jafnframt formaður þess. Fundi skal halda a.m.k einu sinni á önn.

7. gr. Kennarar og leiðbeinendur skólans
Við Kvikmyndaskóla Íslands starfa bæði fastráðnir kennarar og stundakennarar. Stærsti hluti kennara eru stundakennarar enda er það meginstefna skólans að kennarar séu virkir og starfandi kvikmyndagerðarmenn og leikarar. Rektor ræður fastráðna kennara að fengnu mati dómnefnda og stundakennara samkvæmt tillögum deildarforseta. Þeir leiðbeinendur sem ekki hafa kennsluréttindi starfa undir sérstöku eftirliti kennslustjóra sem leiðir þá inn í starfið og veitir ráðgjöf.

8. gr. Úrskurðarnefnd í réttindamálum nemenda
Við skólann starfar sérstök úrskurðarnefnd sem fer með æðsta úrskurðarvald innan skólans í agamálum og í málum sem tengjast réttindum nemenda. Nemendur njóta andmælaréttar í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Í úrskurðarnefnd sitja auk rektors, sem er formaður hennar, tveir deildarforsetar, tveir fulltrúar kennara og tveir

fulltrúar nemenda. Fulltrúar kennara og nemenda skulu skipaðir til eins árs í senn og skulu þeir hafa varamenn sem skipaðir eru til jafnlangs tíma. Deildarforsetar kjósa sín á milli hverjir sitja fyrir þeirra hönd sem aðalmenn og hverjir sem varamenn. Fulltrúar kennara skulu kosnir á fyrsta kennarafundi á hausti. Stjórn nemendafélagsins skipar fulltrúa nemenda. Skipunartími skal vera frá 1. október til 1. október. Uni nemandi ekki niðurstöðum úrskurðarnefndar, getur hann skotið erindi sínu til stjórnar skólans. Uni nemandi ekki niðurstöðu stjórnar getur hann sent mál sitt til áfrýjunarnefndar menntamálaráðuneytis.

9 gr. Skólafundur
Rektor skal boða til sérstaks skólafundar einu sinni á skólaári þar sem starfsemi skólans er kynnt og boðið upp á umræður um þróun hans. Á skólafundum sitja auk rektors, deildarforsetar skólans, allir kennarar og 4 fulltrúar nemenda úr hverri deild. Skólafundur er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan skólans og stefnumótun.

NÁM OG KENNSLUSKIPULAG
10. gr. Viðurkenning, grunnþættir og lykilhæfni

Kvikmyndaskóli Íslands starfar með viðurkenningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og býður upp á viðbótarnám við framhaldsskóla skv. 20. gr. framhaldsskólalaga nr. 92/2008.

Skólinn býður upp á 4 viðurkenndar diplómur á 120 eininga brautum. Af þeim einingum eru 114 einingar á 4. hæfniþrepi og 6 á 3. hæfniþrepi (TÆK 106)

Skólinn notar FEIN einingar samkvæmt framhaldsskólastiginu en tímaviðmið eru fengin úr ECTS einingum, þ.e. 25-30 klukkustundir að baki hverri einingu. Þetta á við um öll námskeið skólans.

Kvikmyndaskóli Íslands starfar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að öll menntun standi á eftirtöldum grunnþáttum: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eiga að vera sýnilegir í námi og kennslu nemenda, starfsháttum, skipulagi og þróunaráætlunum skóla svo og tengslum hans við samfélag sitt.

KVÍ starfar eftir innleiðingarkerfi sem gerir ráð fyrir að veturinn 2012 - 2013 verði allir kennarar og leiðbeinendur skólans, sama hvaða nám þeir kenna, beðnir um að kanna og meta í sinni kennslu hvernig grunnþættir geti tvinnast inn í námið. Sumarið 2013 verður síðan unnið úr niðurstöðum fyrir framtíðarþróun. Lykilhæfni er nemendamiðuð útfærsla á áherslum grunnþátta. Samkvæmt aðalnámskrá skiptist lykilhæfni í eftirfarandi hluta:
Námshæfni - heilbrigði - skapandi hugsun og hagnýting þekkingar - jafnrétti - lýðræði og mannréttindi - menntun til sjálfbærni - læsi, tjáning og samskipti á íslensku - læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum - læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar.

Kvikmyndaskóli Íslands er listaskóli og „skapandi hugsun og hagnýting þekkingar“ er sú lykilhæfni sem hann hefur að leiðarljósi. Um aðra lykilhæfni, þá verður á sama hátt og með grunnþættina, unnið með kennurum og nemendum að könnun á því hvar í náminu er best að koma þeim fyrir. Það er verkefni vetrarins 2012/13.

11. gr. Deildir skólans
Í Kvikmyndaskóla Íslands eru 4 deildir: I. Leikstjórnar- og framleiðsludeild, II. Tæknideild, III. Handrita- og leikstjórnardeild og IV. Leiklistardeild. Hver deild er sjálfstæð skólaeining og fer forseti deildarinnar með yfirstjórn hennar sbr. 6. gr.

Allar deildir bjóða upp á 2 ára nám, 120 einingar til diplomagráðu.

Nemendur þurfa að uppfylla nákvæmlega allar þær kröfur sem hver deild setur og ekki er boðið upp á færslu á milli deilda eftir að nám er hafið, nema í sérstökum undantekningartilfellum.

12. gr. Inntaka nemenda
Við mat á nemendum inn í skólann er skoðaður bakgrunnur nemenda hvað varðar menntun, atvinnureynslu og lífsreynslu almennt. Reynt er að meta hvernig námið í Kvikmyndaskóla Íslands muni henta viðkomandi nemanda og hversu líklegt sé að nemandi geti náð góðum árangri að námi loknu.

Umsækjendur í allar deildir skólans skulu hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Skólanum er þó heimilt að veita inngöngu í skólann umsækjendum sem búa yfir þekkingu og reynslu sem telst fullnægjandi undirbúningur fyrir nám við skólann. Rektor ákveður samkvæmt umsögn inntökunefndar hvaða nemendum skal veitt innganga í skólann á þessum forsendum.

Umsækjendur í deildir I til III þurfa að senda inn ítarlega umsókn og sýnishorn af verkum, samkvæmt sérstökum umsóknarreglum. Umsækjendur þurfa að mæta í inntökuviðtöl. Öllum umsóknum skal fylgja ljósrit eða staðfest afrit af prófskírteinum og öðrum gögnum sem kann að verða óskað eftir.
Umsækjendur í deild IV, leiklistardeild þurfa að þreyta verklegt inntökupróf ásamt viðtölum.

Deildarforsetar ásamt völdum kennurum skipa inntökunefndir við skólann. Tekið er við nýnemum inn í skólann bæði á haust- og vorönn. Auglýst skal eftir umsóknum á haustönn eigi síðar en 1. apríl og skal inntöku vera lokið 10. maí. Auglýst skal eftir umsóknum á vorönn eigi síðar en 1. október og skal inntöku vera lokið 10. nóvember.
Hámarksfjöldi í hvern bekk eru 12 nemendur. Leitast skal við að hafa jafnræði kynja í bekkjum.

13. gr. Kennsluskipulag, kennslutími og útskriftir
Kennsluár skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri og vormisseri. Á kennslumisseri skulu eigi vera færri en 15 kennsluvikur. Próf og leyfi koma þar til viðbótar þannig að námstími á önn er um 17 vikur. Engin kennsla fer fram á lögboðnum frídögum.

Niðurstöður námsmats skulu liggja fyrir innan tveggja vikna eftir útskrift af önn. Við útskrift úr skólanum skulu allar einkunnir og umsagnir liggja fyrir á útskriftardegi. Útskriftir fara fram tvisvar á ári, við lok haustannar í kringum 20. desember og við lok vorannar í kringum 15. maí. Til að fá brautskráningu þurfa nemendur að að hafa lokið öllum námskeiðum samkvæmt námskrá við upphaf náms. Þeir skulu einnig vera að fullu skuldlausir við skólann.

14. gr. Einingakerfi og framvinda náms
Einingakerfi skólans byggir á FEIN kerfinu (FRAMHALDSSKÓLAEINING).
Þar sem skólinn starfar sem 4. þreps skóli þá tekur hann einnig mið af ECTS kerfinu (European Credit Transfer System) sem háskólarnir starfa eftir. Vinnutími meðalnemanda er því áætlaður 25 til 30 klst að baki hverri einingu. Miðað er við að hver kennsluvika sé að meðaltali 2 einingar. Meginreglan er sú að nemandi þarf að ljúka 30 einingum til að flytjast á milli anna. Veikindi eða viðurkennd forföll geta þó skapað undanþágu frá þeirri reglu, þó má aldrei vanta meira en 8 einingar upp á námsárangurinn á hverri önn. Til að útskrifast þarf nemandi að hafa lokið að fullu 120 einingum.

# REGLUR SKÓLANS 2012-2013

Nemandi sem ekki hefur lokið fullnægjandi einingafjölda til að útskrifast hefur rétt til þess að sækja þau námskeið sem upp á vantar á næstu þremur önnum þar á eftir og skal hann þá greiða skólagjöld sem nemur þátttöku hans í þeim námskeiðum. Hann hefur þó ekki forgang í þau námskeið sem eru fullsetin og verður að bíða þar til pláss losnar.

15. gr. Námskrá
Skólinn gefur út endurskoðaða námskrá einu sinni á ári og skal hún liggja fyrir 20. ágúst ár hvert og gilda fyrir tvær annir. Endurskoðunar- og breytingarferli námskrár skal vera frá 1. júní til 20. ágúst. Þar fyrir utan skal námskrá vera óbreytt. Í námskrá skal koma fram uppbygging námsins, röðun námskeiða niður á annir og námskeiðalýsingar.

Í námskeiðalýsingum skal koma fram heiti námskeiðs og auðkenni, lýsing á inntaki námskeiðsins, hvaða þekkingu ætlast er til að nemandi öðlist með setu á námskeiðinu og hvernig sú þekking er metin. Áhersla skal lögð á að lýsing á námskeiði sé sem ítarlegust og að samræmi sé á milli lýsingar og þeirrar kennslu sem fer fram.

Sú námskrá sem er í gildi þegar nemandi hefur nám við skólann gildir út allt námið, þrátt fyrir að breytingar séu gerðar á námstímanum. Sé vikið frá þeirri reglu skal það vera í fullu samráði við nemendur og yfirvöld menntamála.

Námskrá skal birt á vefsvæði skólans.

16. gr. Kennarar og kennsla
Stærsti hluti kennara og leiðbeinenda við skólann eru stundakennarar en aðalstarf þeirra er á einhverju sviði kvikmyndagerðar, söngs eða leiklistar. Þær kröfur eru gerðar til stundakennara og leiðbeinenda að þeir séu með menntun og/eða mikla reynslu á því sviði sem þeir kenna á og að þeir séu virkir í greininni. Þeir verða að hafa ótvíræða kennsluhæfileika og vera tilbúnir að tileinka sér þær kennsluaðferðir sem skólinn vinnur eftir. Aðilar með kennararéttindi ganga að öllu jöfnu fyrir um störf. Um fastráðna kennara gildir það sem fram kemur í 7. gr.

Kennarar skulu leggja fram kennsluáætlun til samþykktar hjá deildarforseta a.m.k 2 vikum fyrir upphaf kennslu. Í henni skal koma fram eftirfarandi:

1. Lýsing á námskeiðinu samkvæmt námskrá. Bein lýsing úr námskrá skal fylgja með.
2. Upplýsingar um kennara, fyrirlesara og gesti.
3. Upplýsingar um tímaætlun samkvæmt stundaskrá, ásamt lýsingu á því hvað verður kennt í hverjum tíma fyrir sig.
4. Lýsing á því hvaða námsgögn kennari mun styðjast við.
5. Bækur, myndir og ítarefni sem kennari mun nota eða vísa til.
6. Ákveðin tímasetning á prófum / verkefnaskilum.
7. Lýsing á því hvernig árangur nemenda mun verða metinn.

17. gr. Gæði kennslu
Innra mat
Haldnir eru vikulegir deildarforsetafundir með kennslustjóra og rektor þar sem farið er yfir kennslu í öllum bekkjum. Í upphafi haustannar er sett markmið um þær áherslur sem verða í mati væntanlegs vetrar. Það geta verið þættir eins og skólasókn, einelti og fleira. Kennslukannanir eru gerðar í hverju námskeiði og unnið er úr þeim gögnum hjá kennslustjóra og deildarforsetum og með kennurum og leiðbeinendum þegar þörf er á.Skólaskrifstofa hefur umsjón með gæðaeftirliti.

Ytra mat
Ytra mat var gert á skólanum af CILECT í mars 2011. Úttektin var að mestu framkvæmd af Nik Powell, sem er skólastjóri National Film and Television School í Beaconsfield við London og kvikmyndaframleiðandi. Powell heimsótti KVÍ nýverið, skoðaði námsskrá og reglur skólans og uppbyggingu námsins, auk þess sem hann fór sérstaklega yfir innra starf skólans. Hann skoðaði verk nemenda, ræddi sérstaklega við nemendur og kennara úr öllum deildum skólans og fundaði með stjórnendum. Skólinn fékk “Highest recommendation” í þessari úttekt Nik Powell og inngöngu í alþjóðasamtök kvikmyndaskóla. Gerð var stjórnsýslukönnun á skólanum á vegum Capacent fyrir menntamálaráðuneytið í maí og júní 2010. Kvikmyndaskóli Íslands rekur starfsemi sína með þeim hætti að vera ávalt viðbúinn ytri úttektum.

18. gr. Ástundun náms
Kvikmyndaskólinn gerir kröfu um fulla mætingu í alla tíma og fullnægjandi skil allra verkefna. Séu fjarvistir, þar með talið vegna veikinda, umfram 20% af heildarfjölda kennslutíma á þá telst nemandi fallinn á námskeiðinu. Sé um að ræða sérstakar og óviðráðanlegar ástæður getur nemandi sótt um undanþágu frá þessari reglu til deildarforseta og skal deildarráð fjalla um erindið. Í erindi skal koma fram haldbær skýring á fjarvistum nemanda og tillögur um hvernig hann hyggst koma til móts við kröfur námskeiðsins. Þurfi að gera sérstakt verkefni, eða bæta nemanda upp kennslu með einhverjum hætti skal nemandi greiða fyrir það sérstaklega.

19. gr. Námsmat
Námsmat fylgir hverju námskeiði í skólanum þar sem metinn er staða og árangur nemandans. Niðurstöður námsmats eru samsettar úr einkunnargjöf og skriflegum umsögnum um verkefni og vinnu nemandans. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10, þar sem eftirfarandi forsendur liggja að baki tölum:

10 fyrir fullkomin tök á efninu og framúrskarandi úrlausnir
9 – 9,5 fyrir framúrskarandi skilning og færni.
8 – 8,5 fyrir góða þekkingu og skilning
7 – 7,5 fyrir greinargóða þekkingu
5,5 – 6,5 fyrir sæmilega þekkingu á grundvallaratriðum
5 fyrir lágmarksþekkingu á grundvallaratriðum
0 – 4,5 fyrir óviðunandi úrlausn

Skriflegar umsagnir skulu vera að lágmarki fimm málsgreinar og skulu þær bæði beinast að verkefnum sem um er fjallað og persónulega að nemandanum. Áhersla skal lögð á að umsagnir fjalli bæði um veikleika og styrkleika og að þær séu uppbyggilegar fyrir nemandann.

Í einstökum námskeiðum þar sem ekki er um eiginleg verkefnaskil eða próf að ræða er heimilt að námsmat sé gefið til kynna með bókstöfum í stað tölustafa: ,,S” fyrir ,,staðist” og ,,F” fyrir ,,fall”

Kennari ræður námsmati og gefur einkunnir nema dómnefnd eigi í hlut. Í kennsluáætlun sem afhent er í upphafi námskeiðs skal greina nákvæmlega hvernig staðið verður að námsmati og um vægi þeirra þátta sem eru forsendur matsins.

Eftirfarandi þættir skulu hafðir til hliðsjónar við mat á framleiðslu/kvikmyndum nemenda:

• Ástríða nemandans gagnvart verkinu og ástundun
• Skipulag og skil
• Tæknilegir þættir verks
• Listrænir þættir verks
• Atriði sem nemandi vil leggja áherslu á sem sitt sérsvið

Við mat á útskriftarverkefnum skal skipuð þriggja manna dómnefnd, sem skipuð er umsjónarkennara námskeiðs og tveimur sérfræðingum. Annar þeirra skal vera utanaðkomandi þ.e. ekki starfandi við skólann á þeirri önn sem útskriftin fer fram. Skal hann vera formaður nefndarinnar og hefur úrskurðarvald í ágreiningsefnum.

Rektor skipar viðbótarfulltrúa dómnefndar að fengnum tillögum deildarforseta. Nemendur sem ekki una mati dómnefndar geta sent henni skriflegar athugasemdir og óskað eftir leiðréttingu. Svör dómnefndar við athugasemdum eru endanleg afgreiðsla hennar.

Niðurstöður námsmats skulu liggja fyrir innan tveggja vikna frá því námsmat fór fram sbr 13. gr. Allir nemendur eiga rétt á því að fá útskýringar á þeim forsendum sem liggja að baki einkunargjöf innan 15 daga frá því einkunn var birt. Uni nemandi ekki mati kennara getur hann vísað máli sínu til deildarforseta. Telji hann ástæðu til þá má skipa utanaðkomandi prófdómara, sé ekki um lokaverkefni að ræða. Úrskurður hans er þá endanlegur.

20. gr. Um fall, endurtökurétt og fyrningu náms
Nemandi sem stenst ekki próf eða fellur í  verkefnum, en hefur fullnægjandi ástundun í námskeiði, er heimilt að endurtaka prófið eða verkefnið. Sækja þarf um slíkt til deildarforseta innan tíu daga eftir að einkunn er birt. Falli nemandi á endurtekningar-prófi/verkefni getur hann sótt um að endurtaka það í annað sinn með beiðni til deildarforseta innan 10 daga frá því einkunn birtist. Þau takmörk eru að nemandi getur ekki þreytt lokapróf/verkefni oftar en þrisvar í sama námskeiði. Endurtökupróf/verkefni skal halda eins fljótt og auðið  er og aldrei síðar en 4 vikum eftir að falleinkunn er birt.

Skólinn innheimtir sérstakt prófgjald fyrir endurtöku- og sjúkrapróf sem og vegna verkefna sem eru endurtekin. Upphæð gjaldsins skal miðast við raunkostnað skólans sem fellur til vegna endurtekningarinnar.

Nemandi sem fellur á námskeiði vegna ófullnægjandi mætingar getur fengið heimild til að sitja námskeiðið á nýjan leik. Hann verður þá að bíða eftir því að námskeiðið sé haldið á ný og hann nýtur ekki forgangs sé bekkurinn fullsetinn.

Nemandi sem skilar ekki verkefnum á réttum tíma og hefur ekki fengið framlengdan skilafrest, eða mætir ekki í próf og boðar ekki forföll, telst hafa lokið verkefni eða prófi með falleinkunn.

Nemandi sem ekki mætir til prófs eða skilar ekki verkefnum, vegna veikinda eða annarra samþykktra ástæðna skal tilkynna forföll áður en próf hefst eða skilafrestur rennur út. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið eða skilafrestur rann út. Annars telst nemandinn hafa þreytt próf eða lokið verkefni með falleinkunn. Það sama gildir vegna veikinda
barns nemanda.

Ljúki nemandi ekki námi að liðnum eðlilegum námstíma, þá gildir hver einstök einkunn hans í fimm ár frá þeim tíma sem hefðu átt að teljast eðlileg námslok. Eftir þann tíma verður hann að endurtaka sömu eða sambærileg námskeið.

21. gr. Móttökuáætlun
Nemandi sækir um rafrænt á neti og gefur þar upplýsingar um bakgrunn og hæfni. Þegar nemandi skilar inn umsókn er honum þökkuð þátttakan og gefnar upplýsingar um hvenær inntökuviðtöl eða próf verða haldin.

Að loknum inntökuviðtölum og prófum fá allir umsækjendir svar bréfleiðis um hvort þeir hljóta skólavist.

Sem hluti af skólasetningu er sérstök kynning á húsnæði, kennsluaðstöðu og umgengnisvenjum. Inn í nýnemakennslu fyrstu vikurnar er tvinnað hópefli af ýmsu tagi. Markmiðið er að nemendur ná skjótt að tengjast inn í hópinn og að nýta sér aðstöðu skólans.

Móttaka kennara/leiðbeinanda er að ráðning fer í gegnum deildarforseta með samþykki rektors. Áður en kennsla hefst fundar hann með kennslustjóra, sem metur hjá honum áætlanir og lætur hann hafa kynningargögn. Sérstök áhersla er lögð á að kynna grunnþætti menntunar og lykilhæfni skv. aðalnámskrá.

ALMENN STARFSEMI
22. gr. Skólareglur
Öllum nýnemum skulu kynntar rækilega almennar umgengnisreglur skólans strax við upphaf náms. Þessar reglur eru eftirfarandi:

1. Gagnkvæm virðing, kurteisi og heiðarleiki skal höfð að leiðarljósi í samskiptum nemenda og starfsfólks og alls staðar þar sem komið er fram í nafni skólans. Virða skal markmið skólans, stefnu  hans  og reglur og gæta í hvívetna að varpa ekki rýrð á heiður hans.

2. Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu og annarrar starfsemi  á dagskrá skólans. Í námskeiðum þar sem er mætingarskylda skal nemandi sækja a.m.k. 80% tímanna til að hafa rétt til útskriftar af námskeiði.

3. Nemendur skulu sýna góða umgengni í skólanum og á lóð hans.

4. Reykingar eru óheimilar í húsnæði og á lóð skólans. Öll meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð í húsakynnum skólans.

5. Óheimilt er að neyta matar og drykkjar í kennslu- og vinnslustofum.

6. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á verðmætum sínum.

7. Spjöll sem nemendur kunna að vinna á húsnæði skólans eða eigum hans skulu þeir bæta að fullu.

8. Brot á reglum þessum geta leitt til brottvikningar úr skóla.

23. gr. Brottvikning nemanda
Brjóti nemandi alvarlega af sér varðandi reglur skólans, falli á mætingu eða í prófum þá er heimilt að víkja honum úr skóla. Endanleg brottvikning er á ábyrgð rektors og skal hann leita umsagnar úrskurðarnefndar agamála, sjá 7. gr. áður en til hennar kemur. Nemanda skal veitt skrifleg áminning áður en til brottvikningar kemur og honum veittur tími til andmæla.

24. gr. Forvarnir og heilsusamlegir lífshættir
Samkvæmt innleiðingarkerfi KVÍ á hæfniviðmiðum aðalnámskrár þá er heilbrigði ein af þeim lykilhæfnum sem leggja skal áherslu á. Veturinn 2012-2013 mun innleiðing lykilhæfni fyrst og fremst snúast að rannsóknum og tillögum frá kennurum/leiðbeinendum sem kenna námskeið skólans. En þeim er gert að hafa hliðsjón af allri lykilhæfni í sinni kennslu.

Lykilhæfnin heilbrigði, felur m.a. í sér að nemandi: ber ábyrgð á sjálfum sér og eigin gjörðum, tekur ábyrga afstöðu til eigin velferðar og heilbrigðis, er meðvitaður um sjálfan sig sem kynveru, er meðvitaður um gildi reglulegrar hreyfingar, er meðvituð/aður um gildi og ástundar hreyfingu reglulega, er meðvitaður um mikilvægi fjölbreyttrar og næringarríkrar fæðu, tekur ábyrga afstöðu gagnvart mismunun, einelti og öðru ofbeldi, er meðvitaður um skaðsemi reykinga og annarrar tóbaksnotkunar, áfengisneyslu og notkunar annarra vímuefna.

Veturinn 2012-2013 mun innleiðing lykilhæfni fyrst og fremst snúast að rannsóknum og tillögum frá kennurum/leiðbeinendum sem kenna námskeið skólans. En þeim er gert að hafa hliðsjón af allri lykilhæfni í sinni kennslu.

# REGLUR SKÓLANS 2012-2013

25. gr. Jafnrétti
Kvikmyndaskóli leggur á það áherslu í sinni starfsemi að jafna hlut karla og kvenna í iðnaðinum. Til þess að nálgast þetta markmið þá er það markmið allra deilda að jafnt kynjahlutverk sé, bæði meðal nemenda og kennara.

Kennurum/leiðbeinendum er gert að beina sérstakri hvatningu til kvenkyns nema, auk þess að gera kvikmyndagerð kvenna hátt undir höfði. Þetta kemur fram í kynningargögnum sem allir kennarar/leiðbeinendur fá við upphaf kennslu.

KVÍ vinnur einnig að innleiðingu lykilhæfni úr aðalnámskrá, en þar segir um jafnrétti: ... nemandi: virðir jafnrétti í samskiptum, er meðvitaður um eigin kynhneigð og kynheilbrigði, skilur hvernig t.d. aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni getur skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks, er meðvitaður og gagnrýninn á áhrif fyrirmynda og staðalmynda á eigin ímynd og lífsstíl, skilji hlutverk kyns og kyngerfis í samfélaginu.

Veturinn 2012-2013 mun innleiðing lykilhæfni fyrst og fremst snúast að rannsóknum og tillögum frá kennurum/leiðbeinendum sem kenna námskeið skólans. En þeim er gert að hafa hliðsjón af allri lykilhæfni í sinni kennslu.

26. gr. Umhverfismál
Mikil áhersla er lögð á orkusparnað og rafrænar leiðir í kennslu sem og við framleiðslu kvikmyndaverka. Einnig leggur skólinn áherslu á flokkun sorps og endurvinnslu. Vorið 2011 vann verkefnahópur undirbúningsvinnu að nálgun skólans í umhverfismálum.

Þessi vinna heldur áfram með innleiðingu lykilhæfni aðalnámskrár þar sem segir um sjálfbærni að nemandi sé meðvitaður um margvíslegar auðlindir náttúrunnar og geti tekið afstöðu til skynsamlegrar nýtingar þeirra, þekki skilji og virði umhverfi sitt og náttúur, skilji hvernig vistkerfi jarðar setji manninum takmarkarnir, skilji hvernig eigið vistspor og vistspor samfélaga og þjóða geti stuðlað að sjálfbærri þróun, geti á gagnrýninn hátt metið gildi upplýsinga um umhverfi og náttúur, sé virkur og ábyrgur borgari í umhverfi sínu og náttúru

Veturinn 2012-2013 mun innleiðing lykilhæfni fyrst og fremst snúast að rannsóknum og tillögum frá kennurum/leiðbeinendum sem kenna námskeið skólans. En þeim er gert að hafa hliðsjón af allri lykilhæfni í sinni kennslu.

27. gr. Áætlun gegn einelti
Rektor, kennslustjóri og viðkomandi deildarforseti skipa eineltisteymi skólans. Úrvinnsla eineltismála þarf að vera þannig að bæði þolendur og gerendur megi vel við una en þannig er dregið úr þeirri hættu að einelti komi aftur upp. Fyllsta trúnaðar skal ætíð gætt við meðferð eineltismála. Þegar eineltismál kemur upp er mikilvægt að viðkomandi starfsmaður eða nemandi sem kemst að málinu, komi því deildarforseta eða kennslustjóra/námsráðgjafa skólans. Meti þeir það svo að þörf sé að virkja eineltisteymi skal það gert hið fyrsta. Rektor tekur þá við stjórn málsins og stýrir teyminu. Kennslustjóri/námsráðgjafi er sérstakur fulltrúi þolanda í eineltismáli. Eftirfarandi starfsáætlun fer í gang:

1. Farið er í ítarlega könnun á málinu og alvarleiki þess metinn. Allt ferlið er skráð með fundum með þeim sem að málinu koma.
2. Teymið ákveður næsta stig eftir eðli hvers máls. Það getur verið hópfundur í bekk, sérstakir fundir með gerendum og þolendum, skipulagt hópastarf með gerendum eineltis og sjálfstyrking þolenda eineltis.
3. Eineltisteymi fylgir með framgangi málsins og tekur það til endurmats ef þurfa þykir. Gangi ekki að uppræta eineltið innan veggja skólans er leitað til sérfræðinga.

28. gr. Áfallaáætlun
Rektor og kennslustjóri bera ábyrgð á viðbrögðum við áföllum sem nemendur eða starfsmenn verða fyrir í skólastarfinu, svo sem slysum, veikindum, sjúkdómum eða andlátum. Leita skal til sérfræðinga til aðstoðar ef þörf er talin á.

29. gr. Rýmingaráætlun
Rýmingaráætlun er kynnt í upphafi skólahalds og útgönguleiðir eru kynntar á kortum og skiltum í skólanum.

30. gr. Siðareglur
Gagnkvæm virðing, kurteisi og heiðarleiki skulu höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum innan skólastarfsins, bæði meðal nemenda, starfsfólks og milli allra hópa. Virða skal markmið skólans, stefnu hans og reglur og gæta í hvívetna að kasta ekki rýrð á orðstír hans.

Kennarar/leiðbeinendur virði réttindi nemenda sinna og hafi hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

Kennarar/leiðbeinendur gæti þess að mismuna ekki nemendum og nemendur ekki kennurum, til dæmis vegna kyns, kynþáttar, þjóðernis, trúarbragða, kynhneigðar, aldurs, fötlunar eða skoðana.

Kennarar/leiðbeinendur geri sér ljósa valdastöðu sína í samskiptum við nemendur og gæti þess að misnota hana ekki. Nemendur sýni kennurum sínum kurteisi og tillitssemi, hlíti sanngjörnum fyrirmælum þeirra og séu heiðarlegir í samskiptum við þá. Kennarar/leiðbeinendur og starfsfólk gæti trúnaðar við nemendur. Þeir sýni fyllstu aðgát hvenær sem málefni þeirra eru til umræðu og gæti þess að gögn um nemendur komist ekki í hendur óviðkomandi.

31. gr. Samskipti við aðra skóla hérlendis og erlendis
Kvikmyndaskóli Íslands leitast við að vera í nánum samskiptum við öll skólastig í íslensku menntakerfi. Hann hefur unnið með öllum skólastigum, frá leikskóla og upp í háskóla. Markmið skólans er að stuðla að kvikmyndakennslu sem víðast í íslensku skólakerfi.
Kvikmyndaskóli Íslands er meðlimur í alþjóðasamtökum kvikmyndaskóla, CILECT og tekur þar þátt í alþjóðlegu starfi, nemenda- og kennaraskiptum, námstefnum, kvikmyndahátíðum og fleiru. KVÍ hefur einnig tekið þátt í margvíslegum sérgreindum alþjóðlegum verkefnum.

32. gr. Upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans
Kínema er nemendafélag Kvikmyndaskóla Íslands og var stofnað af nemendum haustið 2009. Stjórn félagsins skipar 1 fulltrúa á vikulegum deildarforsetafundum. Hluti af staðfestingargjöldum nýnema rennur til reksturs Kinema.

33. gr. Húsnæði og aðstaða
Kennslan í skólanum fer fram í kennslustofum, fyrirlestrarsölum, hljóðupptökuveri, stúdíói og tæknirýmum. Kennsla í leiklist fer auk þess fram í sérhönnuðum kennslurýmum. Sýningar á verkefnum og kvikmyndasaga fara fram í kvikmyndasal á tveggja vikna fresti. Allar deildir hafa aðgang að tækjaleigu Kvikmyndaskóla Íslands. Þar er að finna víðtækt úrval af ljósum, upptökuvélum, hljóðupptökutækjum og tæknibúnaði. Þá er skólinn einnig í nánu samstarfi við helstu tækjaleigur landsins.

34. gr. Réttindamál
Allt myndefni sem framleitt er í skólanum er eign Kvikmyndaskóla Íslands og skólinn hefur rétt til þess að birta það og gefa út, undir nafni skólans í öllum birtingarmiðlum. Komi til sýninga eða sölu á efninu til þriðja aðila skulu þeir nemendur eða aðrir sem eiga höfundarvarinn þátt í framleiðslunni veita formlega heimild fyrir birtingunni.

Nemendur sem óska eftir að sýna myndir sínar hjá þriðja aðila verða að fá formlega heimild hjá Kvikmyndaskóla Íslands til þess.

REKSTUR

35. gr. Fjármál og ábyrgðir

Kvikmyndaskóli Íslands er eignarhlutafélag í eigu skólarekstrarfélagsins Telemakkus ehf.

Stjórn skólans og eigendur bera ábyrgð á rekstri hans og að þeim samningum gerðir geru í nafni hans bæði gagnvart stjórnvöldum og nemendum.

36. gr. Skólagjöld

Nemendur greiða skólagjöld fyrir setu í  skólanum. Stjórn skólans ákveður fjárhæð skólagjalda og greiðslufyrirkomulag. Eftirfarandi meginreglur gilda um skólagjöld:

• Nemendur hefja ekki nám á önn fyrr en gengið hefur verið frá greiðslu skólagjalda.
• Skólagjöld fást ekki endurgreidd eftir að nám er hafið.
• Upphæð skólagjalda breytist ekki á námstíma.
• Viðskipti milli nemandans og Kvikmyndaskóla Íslands vegna skólagjalda eru ekki á ábyrgð annarra.

Lendi nemandi í stórfelldu áfalli, slysi eða sjúkdómum, þannig að hann neyðist til að hætta námi, þá getur hann sótt um endurgreiðslu skólagjalda. Slíkt erindi skal senda til stjórnar skólans þar sem tilgreindar eru nákvæmlega ástæður brotthvarfs úr námi. Erindinu skulu fylgja læknisvottorð. Komi til endurgreiðslu skal dreginn frá sá námstími sem þegar er liðinn af önninni.

# FRAMLEIÐSLA OG SÝNINGAR KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS

## D1

| | |
|---|---|
| **AUG 103** | Auglýsing |
| **FJÖ 105** | Fjölkameruvinnsla, þ.e. skemmtiþáttur í beinni útsendingu úr stúdíói |
| **LSJ 106** | Pilot þáttur fyrir leikna sjónvarpsseríu |
| **LOK 106** | Leikin stuttmynd |
| **STU 106** | Leikin stuttmynd |
| **HEM 106** | Heimildarmynd |
| **SJÓ 105** | Sjónvarpsþættir |
| **TIL 102** | Tilraunaverk |
| **TÓN 103** | Tónlistarmyndband |
| **LOK 208** | Leikin stuttmynd, útskriftarverkefni |

## D2

| | |
|---|---|
| **HLE 205** | Hljóðvinnsla við leikna sjónvarpsmynd |
| **LHÖ 208** | Kvikmyndaverk, útskriftarverkefni |
| **KLM 203** | “Multiklipp”, leikrit eða tónleikar |
| **KLM 305** | Klipping á leikinni sjónvarpsmynd |
| **KVM 204** | Klippimynd án orða |
| **KVM 304** | Heimildarmynd |
| **LEB 104** | Leikmynd og búningar fyrir sjónvarpsmynd |
| **LEB 202** | Leikmynd og búningar fyrir skemmtiþátt í beinni útsendingu |
| **LHÖ 106** | Frjálst kvikmyndaverk |

# D3

| | |
|---|---|
| **IÐN 102** | Kynningar- og fræðslumyndir |
| **LKH 106** | Leikin sena úr kvikmyndahandriti í fullri lengd |
| **LOH 106** | Leikin stuttmynd |
| **LOK 206** | Leikin stuttmynd |
| **LOH 306** | Leikið kvikmyndaverk byggt á aðlögun |
| **LOH 408** | Leikin stuttmynd byggð á frumsömdu handriti, útskriftarverk |
| **LSÞ 104** | Handritagerð að leikinni sjónvarpsmynd |
| **SVI 104** | Handrit að sviðsverki |

# D4

| | |
|---|---|
| **LEH 104** | Dans- og spunamynd |
| **LEH 204** | Dansverk |
| **LEH 304** | Dansmynd (Physical theatre) |
| **LEH 404** | Dansmynd, lokaverk |
| **LLS 201** | Leikgjörningur byggður á leiklistarsögunni |
| **LRS 102** | Söngkynning |
| **LRS 202** | Söngkynning |
| **LRS 302** | Söngkynning |
| **LRS 402** | Lokatónleikar |
| **LRT 302** | Kvikmyndaverk með áherslu á flutning texta |
| **LRT 402** | Textaflutningur |
| **LES 204** | Leikur í kvikmynd |
| **LES 304** | Senuvinna með atvinnuleikurum |
| **LEI 106** | Leikrit á sviði |

KVIKMYNDASKÓLI
ÍSLANDS

**www.kvikmyndaskoli.is**
kvikmyndaskoli@kvikmyndaskoli.is

TELEMAKKUS

# Viðauki 9

# Kvikmyndaskóli Íslands

# Samanburður unnin af KVÍ

# SAMANBURÐUR

Alls kenna um 32 framhaldsskólar og háskólar kvikmyndagerð í Danmörku, Svíþjóð og Noregi (en að auki bjóða 78 lýðháskólar upp á kvikmyndatengt nám). Af þessum skólum eru 5 í CILECT, alþjóðasamtökum kvikmyndaskóla. Kvikmyndaskóli Íslands var samþykktur inn í samtökin í maí síðastliðnum.

- **Göteborg Universitet**
- **Stockholms Dramatiska Högskola**
- **Den Norske Filmskolen**
- **Den Danske Film Skole**
- **Ebeltoft, The European Film College**
- **Kvikmyndaskóli Íslands**

KVIKMYNDASKÓLI
ÍSLANDS



Kvikmyndaskólinn í samanburði við aðra skóla á Norðurlöndunum
www.kvikmyndaskoli.is
Ríkisframlag til kvikmyndaskóla
Den Norske filmskolen
42 nemendur
teknir inn annað hvert ár,
63 að meðaltali á ári
632 m
Fjárveiting pr. nemanda:
10 milljónir
Stockholms Dramatiska Högskola
232 nemendur
2200 m
Fjárveiting pr. nemanda:
9,5 milljónir
Den Danske Film skole
96 nemendur
970 m
Fjárveiting pr. nemanda:
10,1 milljónir
Kvikmyndaskóli Íslands (framlag sem óskað er eftir)
160 nemendur
144 m
Fjárveiting pr. nemanda:
900 þúsund
0
250
500
750
1,000
1,250
1,500
1,750
2,000
2,250
2,50
Fjármagn (milljónir)
Ath: Gögnin um Stockholms Dramatiska Högskola koma frá menntamálaráðuneytinu í Svíþjóð. Önnur gögn koma frá skrifstofum skólanna.


Kvikmyndaskólinn í samanburði við aðra skóla á Íslandi
www.kvikmyndaskoli.is
Árleg fjárveiting úr ríkissjóði
Skólagjöld og aðrar tekjur
Fjármagn sem skólinn óskar eftir:
Kvikmyndaskóli Íslands
m.v. 160 nemendur
144
192
Fjárveiting pr. nemanda:
900 þúsund
Listaháskóli Íslands
465 nemendur
614
196
Fjárveiting pr. nemanda:
1,3 milljónir
Háskólinn á Hólum
213 nemendur
232
183
Fjárveiting pr. nemanda:
1,1 milljónir
Menntaskólinn að Laugarvatni
170 nemendur
148
16
Fjárveiting pr. nemanda:
870 þúsund
0
100
200
300
400
500
600
700
Ath: Gögnin koma af vefsíðum skólanna og frá hagstofunni.
Fjármagn (milljónir)

# Viðauki 10

# Listaháskóli Íslands

# Minnisblað vegna háskólanáms í kvikmyndagerð

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

# Minnisblað vegna stefnumótunar fyrir háskólanám í kvikmyndagerð

Listaháskólinn hefur haft það á stefnuskrá sinni allt frá árinu 2004 að stofna til náms í kvikmyndagerð. Skólinn lét á því ári vinna ítarlega skýrslu um forsendur slíks náms og lagði fram tillögur þar um.

Í ljósi þeirrar stefnumótunar um nám í kvikmyndagerð sem nú er unnið að vill skólinn ítreka áhuga sinn á að byggja upp slíkt nám og lýsir jafnframt yfir vilja sínum til að endurnýja fyrri tillögur í takt við þróunina sem hefur átt sér stað í greininni og fella þær að breyttu skipulagi og viðmiðum skólans.

Sérhæfing námsins:
Helstu breytingarnar sem rætt er um varða sérhæfingu námsins, þ.e. að til viðbótar við sérhæfingu í handritsgerð, leikstjórn og framleiðslu, verði lögð áhersla á aðra mikilvæga þætti kvikmyndagerðar. Þar er í forgrunni sérhæfing í kvikmyndatöku, klippingu, hljóði / tónlist, og leikmyndagerð. Sérhæfingin miðast við nám á bakkalárstigi og telst þannig til grunnnáms.

Þverfaglegar tengingar:
Við skipulag námsins verði fullnýttir möguleikar skólans til þverfaglegs náms á milli deilda, s.s. við tónlistardeild, þar sem nú þegar er boðið upp á undirbúningsnám í kvikmyndatónlist, við leiklistar- og dansdeild þar sem bjóðast einstök tækifæri til samvinnu við fjölbreyttan hóp dansara, höfunda, og leikara, og við hönnunar- og arkitektúrdeild þar sem bjóðast tengingar við hönnuði af mismunandi sviðum. Samstarf við myndlistarnemendur verður til örvunar í nýsköpun í báðum greinum, sérstaklega þar sem listafólk af þessum sviðum leitar í auknum mæli þekkingar og hugmynda þvert yfir hin viðurkenndu mörk.

Kennaramenntun:
Í listkennsludeild er boðið upp á þverfaglegt nám til kennsluréttinda á grunn- og framhaldsskólastigi. Til grundvallar liggur að umsækjendur um nám hafi lokið bakkalárstigi í sinni listgrein. Skólinn sér fyrir að megi víkka út námið enn frekar fyrir kvikmyndagerðar-menn og þannig efla menntun kennara í greininni, sem er forsenda þess að hér takist að efla almenna þekkingu og skilning á kvikmyndum.

Fjöldi nemenda:
Í fyrri tillögum er áætlað að taka inn 10 nemendur á ári, og þá ekki tekið inn 3ja hvert ár. Með sérhæfingu á fleiri sviðum en áður var ráð fyrir gert má ætla að nemendahópurinn verði stærri, og þá er reiknað með að ekki verði færri en 3 nemendur á hverri línu sérhæfingar. Sé litið til þess að verði um 6 - 7 línur að ræða innan kvikmyndadeildar má ætla að teknir verði inn að lágmarki 18 - 21 nemendi á ári. Verði ekki tekið inn 3ja hvert ár verða í deildinni um 36 - 42 nemendur samtals.

Húsnæði og aðstaða:
Allt kapp verður lagt á að samnýta sem best aðstöðuna og búnaðinn sem fyrir er í skólanum. Augljóst er að hagkvæmast er að nýta skólabygginguna í Laugarnesi fyrir nýja kvikmyndadeild, en stór hluti hússins á efri hæðum er í dag aðeins nýttur sem óinnréttað geymslupláss.

Húsbyggingin er í eigu ríkisins og er í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Óformlegar viðræður hafa átt sér stað á milli skólans og forstöðumanna Fasteigna um frekari úfærslu á starfsemi skólans í byggingunni. Þar hefur fyrst og fremst komið til greina flutningur á leiklistar- og dansdeild úr núverandi húsnæði á Sölvhólsgötu og aðstaða fyrir kvikmyndadeild.

Forsvarsmenn Fasteigna leggja áherslu á að ákvarðanir um þróun Listaháskólans innan veggja skólabyggingarinnar liggi fyrir sem allra fyrst. Með flutningi leiklistar- og dansdeildar í Laugarnes og stofnun kvikmyndadeildar í sömu byggingu verður til öflugt samfélag listafólks og listnemenda úr fjórum listgreinum auk þverfaglegs hóps listkennara.

Að lokum:
Listaháskólinn hvetur til þess að ákvörðun um stofnun kvikmyndanáms á háskólastigi verði tekin sem allra fyrst, og býður skólinn fram þekkingu sína og reynslu við allan undirbúning. Skólinn hefur tekið á móti sérstökum ráðgjöfum ráðuneytisins í stefnumótuninni og telur fullvíst að þeir sjái þá miklu möguleika sem skólinn býr yfir til að reka slíkt nám.

Verði skólanum falin stofnun námsins mun rektor skipa sérstakan vinnuhóp sérfræðinga og skólafólks til að endurnýja fyrirliggjandi tillögur, sem síðan verða bornar undir lykilaðila innan kvikmyndageirans, s.s. hin ýmsu félög kvikmyndafólks, framleiðendur, leikstjóra og hina ólíku rekstraraðila. Á grundvelli útkomunnar getur skólinn mótað áform sín og lagt grunninn sem nauðsynlegur er til að koma náminu af stað.

Takist að vinna málunum hraðan framgang og tryggja rekstrarlegar forsendur er ekki óraunhæft að taka fyrstu nemendur inn í kvikmyndadeild skólans haustið 2013.

20. apríl 2012

Hjálmar H. Ragnarsson
rektor

**Viðauki 11**

**Listaháskóli Íslands**

**Alþjóðlegt samstarf**

**Listaháskóli Íslands - Alþjóðlegt samstarf**

Listaháskólinn tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi. Skólinn er aðili að tveimur viðamiklum samskipta-áætlunum, *Nordplus* menntaáætlun Norðurlandaráðs og *Erasmu*s LLP menntaáætlun Evrópu-sambandsins. Báðar þessar áætlanir byggjast á kennara- og nemendaskiptum auk annarra samvinnuverkefna. Listaháskólinn hefur gert tvíhliða samninga við á annað hundrað háskóla í Evrópu á vegum *Erasmus LLP* menntaáætlunarinnar.

Innan *Nordplus* er Listaháskólinn þátttakandi í fjölda samstarfsneta sem ná yfir Norðurlöndun og Eystrarsaltsríkin, s.s. *Kuno*, sem er samstarfsnet 16 myndlistarháskóla, *Sibelius/Espansiva*, samstarfsnet 33 tónlistarháskóla, *Cirrus*, sem er samstarfsnet 20 hönnunarháskóla, *NorTeas*, sem er samstarfsnet 18 leiklistarháskóla, *Nordic Academy of Architecture*, samstarfsnet 16 arkitektúrháskóla, *EMD*, samstarfsnet 14 listaháskóla á sviði tónlistar og listdans, og DAMA, sem er samstarfsnet 5 listaháskóla á sviði nýmiðla og listdans.

Þátttaka Listaháskólans í þessum áætlunum gerir nemendum á 2.og 3. ári kleift að stunda hluta af námi sínu við listaháskóla erlendis. Á bilinu 30-40 nemendur fara í skiptinám ár hvert og svipaður fjöldi erlendra skiptinemenda dvelur í eina eða tvær annir við Listaháskólann árlega. Kennarar og starfsmenn skólans njóta jafnframt góðs af aðild skólans að *Erasmus* og *Nordplus* áætlununum. Í gegnum áætlanirnar geta þeir sótt um styrki til starfsmanna- eða kennaraskipta til samstarfsskóla Listaháskólans í Evrópu. Fjöldi erlendra gestakennara kenna við skólann á ári hverju til lengri eða skemmri tíma.

Listaháskólinn er með fulla aðild að *ELIA*, *European League of Institutes of the Arts*, samtökum um 320 listaháskóla í 47 Evrópulöndum og nokkrum löndum í Asíu og Norður Ameríku. *ELIA* stendur fyrir ráðstefnum, útgáfu og umræðu um listmenntun meðal listamanna, kennara, stjórnenda og nemenda.

Ennfremur tekur skólinn þátt í *Cumulus*, sem er samstarfsnet 140 hönnunarskóla um allan heim, *EAAE* sem eru samtök rúmlega 100 evrópskra arkitektúrskóla, *AEC* (*Association Européenne des Conservatoires*) sem eru samtök tæplega 250 evrópskra tónlistarháskóla, og *ENCEPA (European Network for Continuing Education in Performing Arts)*, sem er samstarfsnet sjö Evrópulanda um símenntun í sviðslistum.

Með virkri þátttöku í *Leonardo*-áætlun Evrópusambandsins hefur Listaháskólinn stutt nýútskrifaða nemendur til tímabundinna starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum í öðrum Evrópulöndum. Skólinn lítur svo á að með aukinni starfsþjálfun nýútskrifaðra nemenda verði styrkari stoðum skotið undir íslenskt atvinnulíf á sviði skapandi greina.

Við útskrift fá allir nemendur Listaháskólans viðauka við útskriftarskírteini, s.k. *Diploma Supplement*. Viðaukinn er uppsettur samkvæmt samevrópskum stöðlum og felur í sér nákvæma lýsingu á námi viðkomandi nemanda og námsárangri hans á ensku. Viðaukanum er ætlað að auðvelda nemendum aðgang að evrópskum háskólum og evrópskum vinnumarkaði. Staðfest hefur verið að skólinn fái svokallaða *Diploma Label* viðurkenningu Evrópusambandsins formlega afhenta vorið 2012.

Yfirlýsing Listaháskólans um stefnu í alþjóðamálum (*International Policy Statement*) er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Alþjóðafulltrúi Listaháskólans er *Alma Ragnarsdóttir*, netfang: alma@lhi.is

# Viðauki 12

# Reykjavík Film Academy

# Study Film in Iceland

REYKJAVIK
FILM
ACADEMY

STUDY
FILM
IN ICELAND

(+354) 698 5086
info@reykjavikfilmacademy.com

www.reykjavikfilmacademy.com
www.facebook.com/ReykjavikFilmAcademy
www.twitter.com/#!/RvkFilmAcademy

# Our mission

The Reykjavik Film Academy was established by three Iceland-based film professionals and educators to provide aspiring filmmakers from all over the world with the opportunity to study in Iceland.

Our mission is to provide our students with a solid foundation in the craft of visual storytelling and to put them in a position to compete for jobs in the film industry or pursue further schooling.

# Our team

### Steven Meyers

(CEO and director of marketing) grew up in Michigan, USA. He has studied filmmaking at some of the world's elite film institutions, including FAMU (the Czech national film school) in Prague and the Columbia University School of the Arts in New York, from where he has an MFA degree in film directing. He is the director of award-winning short films and currently has several projects in development as a screenwriter. Steven was until recently the director of the international program at the Kvikmyndaskóli Íslands, where he has also taught directing and screenwriting for several years.

### Thorgeir Gudmundsson

